





Ættleiðing

Fréttabréf Íslenskrar ættleiðingar • 12. árg. 2. tbl. • desember 2005





Stjórn og starfsmenn

Íslensk ættleiðing

Ármúla 36, Selmúlagemin
108 Reykjavík.
Pósthólf 8334, 128 Reykjavík.
Sími 588 1480
Fax 588 1481
isadopt@simnet.is
http://www.isadopt.is

Skrifstofutími

Mán.-fi. kl. 10-13.
Tímabantanir eftir þöfum.

Stjórn

Arnþrúður Karlsdóttir, meðstjórnandi
Gerður Guðmundsdóttir, varaformaður
Guðmundur Guðmundsson,
meðstjórnandi
Helga Gísladóttir, ritari
Ingibjörg Jónsdóttir, formaður
Ingvar Kristjánsson, gjaldkeri
Lisa Yoder, meðstjórnandi

Fræðslufulltrúar

Ingibjörg Birgisdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir
Kristín Svala Jónsdóttir

Skemmtinefnd

Arnþrúður Karlsdóttir
Berglind Dagný Steinadóttir
Birna Blöndal
Hrönn A. Björnsdóttir
Ingibjörg M. Magnúsdóttir
Ingibjörg G. Marisdóttir
Klara Geirsdóttir
Kristín Skjaldardóttir
Laufey Jónsdóttir
Svava Rafnsdóttir

Fjáröflunarnefnd

Anna Margrét Jónsdóttir
Gíslína V. Ólafsdóttir
Hulda Þórisdóttir
Kristjana E. Jóhannsdóttir
Sigríður Ingólfssdóttir
Sigrún Snorraddóttir

Ritnefnd

Alda Sigurðardóttir
Sigrún Þorbergsdóttir
Snjólaug Elín Sigurðardóttir
Þórdís Ívardsdóttir

Vefstjóri

Ásta B. Þorbjörnsdóttir

Ábyrgðarmaður

Ingibjörg Jónsdóttir

Umbrot

alvara.is

Prentun

Prentsmiðjan Oddi

Meðal efnis

Fréttir af félagsstarfinu, ljósmyndir,
viðtöl, ferðasögur, barnaopna,
matarhorn, rannsóknarkynning
og margt fleira.

*Öllum þeim fjölmörgu sem
lagt hafa til efni í blaðið
eru færðar bestu þakkir.*



Hér er stutt kynning á meðlimum stjórnar Íslenskrar ættleiðingar og starfsmönnum á skrifstofu, talið frá vinstri.

Guðrún Ó. Sveinsdóttir hefur starfað á skrifstofu ÍÆ frá upphafi og er nú skrifstofustjóri. Hún er kennari að mennt og sat lengi í stjórn félagsins. Guðrún á tvö börn, 21 árs gamla dóttur sem fædd er á Sri Lanka og 18 ára son fæddan á Indlandi.

Arnþrúður Karlsdóttir er meðstjórnandi. Hún á þriggja ára dóttur sem fædd er í Kína en fyrir átti hún son sem lést tæplega 7 ára gamall eftir langvarandi veikindi. Arnþrúður vinnur sem kerfisfræðingur og forritari hjá tölvufyrirtækinu TM Software.

Ritari stjórnar ÍÆ er Helga Gísladóttir. Hún er sérkennari og starfar sem sviðsstjóri hjá Fjölmenn. Helga á eina dóttur, 4 ára gamla sem fædd er í Kína.

Guðmundur Guðmundsson er meðstjórnandi. Hann á tvíbura, stúlku og dreng sem eru fædd í Kólumbíu og eru 3ja ára. Guðmundur er framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Landsbankans.

Ingibjörg Jónsdóttir er formaður ÍÆ. Hún á tvær dætur frá Indlandi, 5 og 7 ára, og einn son 22ja ára. Ingibjörg er félagsfræðingur og rekstrarstjóri hjá Félagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Ingvar Kristjánsson er gjaldkeri félagsins. Hann er tæknistjóri hjá Landhelgisgæslunni og á tvær dætur frá Indlandi. Þær eru 8 og 10 ára gamlar.

Varaformaður ÍÆ er Gerður Guðmundsdóttir. Hún er leikskólafulltrúi hjá Kópavogsbæ og á tvo syni. Þeir eru 4 og 7 ára og fæddir á Indlandi.

Lisa Yoder er meðstjórnandi. Hún er lögfræðingur hjá KPMG og á 10 ára gamlan son sem fæddur er á Indlandi.

Fanney Reynisdóttir (innfellda myndin) hefur unnið hjá ÍÆ í tvö ár. Hún á þrjár dætur og eru þær 8, 11 og 14 ára.

Tilgangur Íslenskrar ættleiðingar

Ad vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi, í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Haagsamningsins um alþjóðlegar ættleiðingar.

Ad vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna.

Ad aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá.

Ad standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufundna, námskeiða og fyrirlestra.

Ad vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna.

Ad auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu.

Ad aðstoða yfirgefín börn og þau börn sem búa við erfiðar aðstæður í heimalandi sinu en verða ekki ættleidd.

Félagið er ekki rekið í ágóðaskyni og má einungis inna af hendi fjárgreiðslur til mannúðarmála, fyrir utan nauðsynlegar fjárgreiðslur vegna kostnaðar ættleiðinga barna til Íslands.

Forsíðan

Blaðið okkar er að þessu sinni tileinkað ömmum og öfum barnanna í félaginu. Hér sjáum við hvað það er gaman að vera saman; í sumó, að baka, að knúsa, í sveitinni, í sparifötunum, úti að hjóla og bara hvar sem er...

Fréttir frá skrifstofu

Árið 2005 hefur verið annasamt á skrifstofunni. Nýjum umsóknum hefur fjölgað og voru í byrjun ágúst orðnar jafn margar og allt árið í fyrra. Fjölgun umsókna á árinu er um 40% sem er sama þróun og t.d. í Noregi.

Á þessu ári hafa komið heim 32 börn frá Kína, 2 frá Indlandi og 1 frá Kólumbíu eða 35 börn alls á vegum félagsins. 2004 komu heim 28 börn og 2003 komu 30 börn.

Fræðslumálin hafa nú verið endurskipulögð og sett upp námskeið að dönskum hætti, en Danir hafa lengst Norðurlandþjóða haft skyldunámskeið fyrir umsækjendur. Einnig var danskt fræðsluefni þýtt á íslensku, tvö rit, annað er um ættleiðingar almennt og hitt um heilsufar ættleiddra barna. Gestur Pálsson barnalæknir veitti ómetanlega aðstoð við yfirlestur og staðfærði síðarnefnda ritið.

Félagið á velunnara sem hafa styrkt það á árinu, fyrst kom góður peningastyrkur frá nafnlausum aðilum og síðan fékk félagið sendingu frá Kína, mjög fallega stuttermaboli sem seldir eru til styrktar góðgerðarstarfi á vegum ÍÆ. Við kunnum viðkomandi aðilum bestu þakkir fyrir og öllum þeim sem hafa lagt okkur lið.

Fræðslurit fyrir starfsfólk leikskóla hefur verið þýtt úr sænsku. Vonumst við til að foreldrar leikskólabarna

kaupi ritið og gefi leikskólanum sínum til að fræða starfsfólk þar um sérstöðu ættleiddra barna. Í ritinu eru m.a. punktar um hvernig laga má starfið að þörfum barnanna. Einnig er komið út fræðslurit um ættleiðingar einhleypra, líka þýtt úr sænsku. Við höfum hug á að halda áfram útgáfu fræðsluefnis og væri gaman að heyra frá ættleiðendum hvaða ættleiðingartengd mál þeir telja brýnast að fá upplýsingar um.

Síðasta vor sendi ÍÆ nýtkomið fréttabréf félagsins til allra þingmanna ásamt bréfi þar sem kynnt var hvernig norræn stjórnvöld styrkja kjörforeldra og beiðni um að slíkum styrkjum verði komið á hér. Guðrún Ógmundsdóttir hefur, ásamt fleiri þingmönnum, lagt fram í þriðja sinn tillögu til þingsályktunar um ættleiðingarstyrki. Nú þurfum við ættleiðendur og umsækjendur að vinna meira að því að málið verði afgreitt á þessu þingi og sem áður biðjum við félagsmenn að reyna að hafa áhrif á sína þingmenn. Á síðunni www.althingi.is má finna upplýsingar um þingmenn og tölvupósta þeirra, látið þá endilega heyra frá ykkur.

Nýjasta samstarfsland ÍÆ er Tékkland. Ein umsókn er úti núna og hægt er að taka við fleiri umsóknum frá hjónum og hefja vinnu við þær strax. Við vonumst til að þeir sem hafa

áhuga á ættleiðingu frá Evrópuríkjum noti þennan góða kost.

Starfsleyfi barnaheimilisins í Kolkata á Indlandi var endurnýjað í ágúst og gildir í 3 ár. Því miður eru ekki líkur á að áhersla indverskra stjórnvalda á ættleiðingar innanlands en ekki til útlendinga breytist á næstunni. Fyrirhugað er að opna íslenskt sendiráð í Indlandi og indverskt sendiráð hér á Íslandi. Vonandi verður það til að létta okkur að einhverju leyti samstarf við indversk yfirvöld.

Umsóknum til Kína fjölgar og ættleiðingar þaðan ganga mjög vel. Biðtími frá því CCAA fær umsókn í hendur og þangað til upplýsingar um barn berast er sem stendur 8 mánuðir og hefur lengst. Hægt er að senda mun fleiri umsóknir hjóna til Kína.

Frá Kólumbíu hefur komið eitt barn á árinu og þar eru nú þrjár umsóknir sem biða afgreiðslu á næsta ári. Umsjón með íslenskum umsóknum í Kólumbíu hefur þarlendur lögfræðingur ÍÆ sem hefur mikla reynslu í ættleiðingarmálum.

Sendum öllum félagsmönnum bestu jólakveðjur.

Fanney og Guðrún



Hópur 2 frá Kína.



Hópur 7 frá Kína.

Félagsmenn athugið

Þeir sem enn hafa ekki greitt félagsgjaldið eru beðnir að gera skil hið fyrsta. Upphæðin er kr. 3.500 banki 513 - 26 - 407234 kt. 531187 - 2539

Vinsamlega látið nafn og kennitölu greiðanda fylgja.

Greiðsluseðill?

Í júní sl. fengu allir félagsmenn bréf þar sem spurt var hvort Íslensk ættleiðing mætti innheimta félagsgjald með greiðsluseðli. Fá svör hafa borist en gott væri að fá tölvupóst frá þeim sem ekki hafa svarað, annaðhvort:

Já, við samþykkjum að ÍÆ innheimti félagsgjöld með greiðsluseðli.
eða

Nei, við samþykkjum ekki að félagsgjald verði innheimt með greiðsluseðli.

Sendið til okkar á isadopt@simnet.is

Kynning á skemmtinefnd

Á síðasta aðalfundi félagsins gengu til liðs við skemmtinefndina þær Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir, Birna Blöndal, Laufey Jónsdóttir, Berglind Dagný Steinadóttir og Kristín Skjaldardóttir. Í nefndinni voru fyrir Klara Geirsdóttir formaður, Ingibjörg Marisdóttir, Svava Rafnsdóttir, Arnþrúður Karlsdóttir og Hrónn Björnsdóttir. Hlutverk skemmtinefndar er að standa að uppákomum hjá félaginu eins og jólaballi, útilegu og foreldramorgnum. Á aðalfundinum var gerð könnun á áhuga félagsmanna á því, sem boðið er upp á í félagsstarfinu. Við þökkum fyrir góða þátttöku í könnuninni en hægt er að lesa um niðurstöður hennar á vefsíðu félagsins www.isadopt.is.

Foreldramorgnar - Foreldradagar

Foreldramorgnar eru haldnir bæði í Reykjavík og á Akureyri. Þar koma fjölskyldur saman og eiga notalega stund. Frá áramótum hafa verið haldnir 6 foreldramorgnar í Reykjavík. Það er orðinn fastur liður einu sinni á önn að hafa foreldramorgun eftir hádegi til að koma til móts við þá sem eiga erfitt með að mæta á laugardagsmorgnum. Félagsmenn eru beðnir um að fylgjast vel með auglýstri staðsetningu og tíma foreldramorgna hverju sinni.

Síðasta vetur voru haldnir 6 foreldradagar í safnaðarheimili Glerárkirkju á Akureyri. Þessir dagar eru alltaf jafn skemmtilegir, reyndar var mæting heldur dræm eftir því sem leið á veturinn. Á komandi vetri verða foreldradagarnir nokkuð færri en í fyrra, því skorum við á félagsmenn norðan heiða að fjölmenna.

Sumargrill

Þann 12. júní var sumargrill í Heiðmörk. Það er nú orðinn árviss viðburður í félagsstarfinu. Grillið var vel sótt af félagsmönnum á öllum aldri og allir skemmtu sér konunglega. Þann 19. júní var haldin grillveisla í Kjarnaskógi við Akureyri. Fólk kom víða að af Norðulandi auk þess sem ein fjölskylda kom að sunnan til að vera með í grillinu sem heppnaðist vel.

Útilega

Útilegan sumarið 2005 var að Logalandi í Borgarfirði helgina 8. til 10. júlí. Það rigndi allan tímann og þó að sæist í sól öðru hvoru þá þornaði aldrei alveg. Við vorum svo heppin að hafa aðstöðu inni í félagsheimilinu og þar fór mjög vel um okkur. Övenju fáir gistu á tjaldsvæðinu en á laugardeginum fylltist staðurinn af þeim sem fóru fram

og til baka samdægurs. Ýmislegt var til skemmtunar á laugardeginum og engin ástæða til að láta sér leiðast. Meðal annars var boðið upp á andlitsmálun, hoppukastala, fjörugan ratleik, pylsuveislu og börnunum var boðið á hestbak. Þá var haldin söngstund og tekin hópmynd sem heppnaðist mjög vel. Að sjálfsögðu mætti hinn sívinsæli nammikastari á svæðið sem vakti mikla hrifningu hjá öllum. Sameiginleg grillveisla var haldin um kvöldið og síðan var leikið fram eftir kvöldi inni í félagsheimilinu. Það var frábært að hafa aðgang að þessu góða húsnæði eins og veðrið var þessa helgi. Allir nutu sín og skemmtu sér vel. Útilegan sumarið 2006 verður 7. til 9. júlí og verður þá farið að lúfelli við Laugarás í Biskupstungum.

Jólaball

Að venju verða jólaböllin tvö þetta árið, annað í Reykjavík og hitt á Akureyri. Bæði jólaböllin verða miðvikudaginn 28. desember. Í Reykjavík kl. 16:00 í KFUM&K húsinu við Holtavegen kl. 15:00 á Akureyri í Hamri (Þórsheimilinu).

Dansað verður í kringum jólatréð og jólasveinar mæta á staðinn. Sjá nánar auglýsingu í blaðinu.

Fjölskylduhátið

Fyrsta Fjölskylduhátið Íslenskrar ættleiðingar var haldin sunnudaginn 23. október s.l. í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á fimmta hundrað manns á öllum aldri sóttu hátiðina og var það töluvert meiri þátttaka en búist hafði verið við. Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú voru heiðursgestir hátiðarinnar. Dagskráin hófst með því að formaður skemmtinefndar, Klara Geirsdóttir, bauð gesti velkomna og setti hátiðina. Þá flutti Ingibjörg Jónsdóttir, formaður Íslenskrar ættleiðingar, ávarp í tilefni dagsins. Nokkur börn færðu forsetahjónunum boli með merki félagsins og blóm. Forsetinn ávarpaði síðan hátiðargesti. Stefán Haukur Gylfason, 18 ára, spilaði tvö lög á klassískan gítar af mikilli leikni. Mæðgnakórinn frá söngskólanum Domus Vox söng undir stjórn Margrétar Pálmadóttur og Xu Wen. Kórinn er skipaður 12 stúlkum á aldrinum 2 til 4 ára, sem eiga það sameiginlegt að vera ættleiddar frá Kína, og mæðrum þeirra. Þá vakti sparibaukurinn Georg mikla kátínu yngstu barnanna með heimsókn sinni á hátiðina. Hátiðinni lauk með söng Brynju Valdimarsdóttur Idolstjörnu, en hún söng sig inn í hug og hjórtu hátiðargesta. Á hátiðinni voru

ættleiðingarlöndin kynnt, minjagripir af ýmsu tagi sýndir frá löndunum, auk kynninga á félaginu, félagsstarfinu og verkefnum fjárfundunarnefndar sem einnig var með bolasölu. Hátiðargestum var boðið upp á austurlenskt matarsmakk. Veislustjóri hátiðarinnar var Guðmundur Andri Thorsson.

Margir aðilar styrktu hátiðina og kunnum við þessum aðilum ásamt öllum þeim félagsmönnum sem lögðu hönd á plóginn sem og þeim er lögðu til myndir og muni, okkar bestu þakkir fyrir. Aðgangur að hátiðinni var ókeypis en sérstakir söfnunarbaukar voru fyrir frjáls framlög hátiðargesta sem tóku vel í það. Þannig tókst að ná því takmarki að halda kostnaði við hátiðina í algjöru lágmarki fyrir félagið.

Það er mat okkar að vel hafi tekist með þessa fyrstu Fjölskylduhátið Íslenskrar ættleiðingar og það er von okkar að félagið haldi fleiri slíkar hátiðir í framtíðinni.



Skemmtinefnd

Dagskrá vetrarins

Reykjavík

7. janúar 13:00 - 14:00
Hreyfiland (Sjá nánar bls. 8)

4. febrúar 13:00 - 14:00 Hreyfiland

18. febrúar 14:00 - 16:00
Foreldradagur í húsnæði KFUM&K

4. mars 13:00 - 14:00 Hreyfiland

18. mars 10:00 - 12:00
Foreldrahittingur í húsnæði KFUM&K

1. apríl 13:00 - 14:00 Hreyfiland

6. maí 13:00 - 14:00 Hreyfiland

Seinni partinn í maí.


Útivistardagur. (Nánar auglýst síðar á heimasíðu Íslenskrar ættleiðingar.)

Akureyri

18. febrúar 13:00
- 15:00 Foreldradagur í safnaðarheimili Glerárkirkju

2. apríl Foreldradagur - útivistardagur. (Nánar auglýst síðar á heimasíðu Íslenskrar ættleiðingar.)

Myndir frá Fjölskylduhátíð ÍÆ



Ný námskeið fyrir umsækjendur

Eins og flestum er kunnugt setti dómismálaráðuneytið það sem skilyrði í reglugerð um ættleiðingar, að til að fá forsampykki til að ættleiða erlent barn þyrftu umsækjendur að framvísa staðfestingu á því að hafa sótt undirbúningsnámskeið. Samkvæmt reglugerðinni skal þetta námskeið sótt hjá löggiltu ættleiðingarfélagi, sem í dag er ÍÆ. Þetta fyrirkomulag er nokkuð annað en t.d. í Danmörku og Svíþjóð þar sem námskeiðin eru haldin af hinu opinbera, enda hluti af samþykktarferlinu fyrir ættleiðingu.



Hótel Glymur.

Námskeið að danskri fyrirmynd

Aðdragandinn og undirbúningur að þessu námskeiði er orðinn ansi langur og því mikið fagnaðarefni að það er nú loks orðið að veruleika. Í upphafi var það ætlun ÍÆ að vera með þessi námskeið á sínum vegum en með reglugerð dómismálaráðuneytisins er það í raun ÍÆ sem framkvæmir verkið fyrir ráðuneytið. Aðalatriðið er það að nú eiga íslenskir umsækjendur um ættleiðingu erlends barns kost á námskeiði sem færustu sérfræðingar í ættleiðingarmálum í Danmörku hafa unnið að í mörg ár.

Lene Kamm, danskur sálfræðingur sem er ÍÆ að góðu kunn, hefur aðstoðað okkur dyggilega allt frá því hún kom hingað fyrst 1993 til að halda fyrirlestur fyrir félagsmenn. Hún er yfirmaður deildar þeirrar í danska dómismálaráðuneytinu sem sér um framkvæmd námskeiðanna auk þess að þjálfar það fólk sem leiðbeinir þar. Lene kom hingað til lands tvisvar til að fara yfir efnið með okkur og gefa góð ráð áður en námskeiðið fór af stað.

Fræðslufulltrúar ÍÆ eru leiðbeinendur á námskeiðinu en þær eru báðar kjörmaður og hafa starfað við þennan málaflökk árum saman og geta því einnig miðlað af sinni eigin reynslu. Undirrituð, Ingibjörg Birgisdóttir, hefur rúmlega 20 ára reynslu sem fyrrverandi formaður ÍÆ og kjörmóðir. Nafna mín, Ingibjörg



Horft inn Hvalfjörðinn.

Jónsdóttir, sem kjörmóðir til 7 ára og hefur áratuga reynslu af rannsóknum á börnum á sviði félagsvísinda.

Eitt af lykilatriðum þess að námskeiðið takist vel er staðsetning þess, miklu máli skiptir að fara úr ys og þys borgar og bæja á rólegan stað þar sem ekkert truflar og ekkert þarf að hugsa um annað en að vera á námskeiðinu. Hótel Glymur í Hvalfirði varð fyrir valinu og það er óhætt að fullyrða að varla var hægt að finna betri stað. Andrúmsloftið þar og allur aðbúnaður hvort sem það er matur, gisting eða tæknimál er frábær. Sjá nánar á heimasíðu: <http://www.hotelglymur.is>

Þegar þetta er skrifað er búið að halda fyrri hluta fyrsta námskeiðsins og tókst það mjög vel. Þátttakendur voru mjög öflugir og unnu vel en það byggist algjörlega á þátttöku þeirra sem sækja námskeiðið hvernig til tekst og hvort þeir fá það út úr námskeiðinu og leiðbeinendum sem þeir þurfa á að halda til að undirbúa sig fyrir ættleiðinguna.



Uppbygging námskeiðsins

Þátttakendur fá senda bæklinga nokkru áður en námskeiðið er haldið sem gefur þeim góða hugmynd um þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir.

Eins og fyrr segir er námskeiðið að danskri fyrirmynd og tekur þar í landi tvær helgar, með 5-6 vikna millibili. Til að byrja með mun námskeiðið hér vera ein helgi, þ.e. frá eftirmiðdegi á föstudegi til eftirmiðdags á laugardegi og síðan heill laugardagur, 5-6 vikum seinna. Þetta fyrirkomulag að koma aftur að 5-6 vikum liðnum gefur þátttakendum færi á að velta fyrir sér efninu, spurningum og vangaveltum sem upp koma á námskeiðinu. Það er

dýrmæt reynsla að geta deilt þessum spurningum og svörum með öðrum sem eru í sömu sporum og maður sjálfur og hafa góðan tíma til að ræða málin.

Vinna á námskeiðinu fer aðallega þannig fram að flutt eru stutt erindi á undan því efni sem tekið er fyrir, hópavinna, samantekt og umræður. Sýndar eru stuttar fræðslumyndir og umræður/hópavinna eftir þær.

Fyrri hluti námskeiðsins byrjar á kynningu kl. 17 á föstudeginum, kynning á þátttakendum, leiðbeinendum og efnistöðum, síðan er kvöldverður og að honum loknum er unnið til u.p.b. kl. 22. Næsta morgun er sameiginlegur morgunverður, síðan unnið til hádegis, þá hádegisverður, aftur unnið fram að kaffi og síðan er lokaspjetturinn tekinn til kl. 17 á laugardeginum.

Á þessum fyrri hluta námskeiðsins er áherslan lögð á umsækjendur sjálfa. Þeir eru hvattir til að skoða aðstæður sínar og ástæður fyrir ættleiðingunni, hvaða hindranir eru hugsanlega í veginum, hvernig sjá þeir framtíðina með ættleitt barn sem er allt öðruvísi en barn sem þeir hefðu eignast. Það eru margar og ótrúlega lífseigar goðsagnir í gangi um ættleiðingar og hér er farið í saumana á þeim og t.d. talað um það hve nauðsynlegt það er að vera fullkomlega heiðarlegur við sjálfa(n) sig og maka sinn í þessari umræðu og ákvarðanatöku. Þetta er ein stærsta ákvörðun sem væntanlegir foreldrar taka í lífinu og hefur áhrif á allt þeirra líf og líf barnsins sem kemur til þeirra. Það er allt annar hlutur að eignast barn með hefðbundnu aðferðinni eða að ættleiða barn. Ættleiðing snýst ekki eingöngu um það hvernig kjörforeldrar upplifa hana og finnst að þetta sé eina rétta barnið fyrir þá, ÞEIRRA barn. Ættleiðing snýst ekki síst um það hvernig foreldrar ætla að takast á við það hvernig ættleitt barn upplifir sig í fjölskyldunni og í því umhverfi sem því hefur verið valið. Ættleiðing snýst fyrst og fremst um barnið og velferð þess – ekki um okkur foreldrana.




Seinni hluti námskeiðsins fer fram á laugardegi 5-6 vikum seinna, byrjar á sameiginlegum morgunverði, vinna til hádegis, hádegisverður, unnið fram að kaffi o.s.frv.

Að þessu sinni er áherslan á barnið, þær aðstæður sem það kemur úr og líkamlegar og andlegar afleiðingar þess á barnið. Fyrstu kynnin við barnið, hvernig best er að tekið sé á móti því í nýju fjölskyldunni og hvernig tengslamyndun getur gengið fyrir sig, svo eitthvað sé nefnt. Þetta

er mikið viðfangsefni og verður auðvitað ekki leyst á einni helgi, enda er ættleiðing lífslangt ferli og ættleiddi einstaklingurinn miðar sína lífsreynslu út frá sínum forsendum, allt sitt líf.

Fjölmargar rannsóknir sýna fram á að það hefur oft mjög alvarlegar líkamlegar og andlegar afleiðingar í för með sér fyrir börn að hafa verið yfirgefin af móður. Þau hafa farið á mis við þau lífsnauðsynlegu tengsl sem nýfædd börn þurfa mest á að halda og síðan dvalið á yfirfullum barnaheimilum eða jafnvel þvælst á milli fósturfjölskyldna fyrsta árið eða lengur. Þetta er staðreynd sem umsækjendur verða að horfast í augu við og beinist seinni hluti námskeiðsins að því að fara í gegnum þessa þætti. Að hjálpa barninu að takast á við aðstæður sínar og bakgrunn er langt ferðalag sem kjörforeldrar hafa tekið ákvörðun um að fara í með barninu sínu. Það getur vissulega verið erfitt stundum og er nánast alltaf öðruvísi en við reiknuðum með, en stórkostleg lífsreynsla sem ég held að ég geti fullyrt að ekkert okkar sem erum í þessu ferðalagi hefðum viljað missa af, að upplifa það að sjá barn blómstra og breytast í brosandí, lífsglaðan einstakling er allra ferðalaga virði.

Ingibjörg Birgisdóttir,
fræðslufulltrúi ÍÆ.



Munið vef
Íslenskrar
ættleiðingar á
www.isadopt.is



Jólaböll 2005

Jólaballið í Reykjavík verður haldið miðvikudaginn 28. desember kl. 16:00 í aðalsal KFUM&K hússins við Holtaveg 28. Dansað verður í kringum jólatréð, jólasveinn kemur í heimsókn með glaðning handa börnunum og veitingar verða á boðstólum. Verð er 1000 kr. fyrir börn en 500 kr. fyrir fullorðna. Að gefnu tilefni viljum við benda fólki á að aðeins er hægt að greiða með peningum, ekki kortum.

Jólaballið á Akureyri verður haldið miðvikudaginn 28. desember kl. 15:00 í félagsheimili Þórs að Hamri við Skarðshlíð. Þar verður dansað í kringum jólatréð og jólasveinar kíkja í heimsókn. Aðgangur er ókeypis en óskað er eftir því að fólk komi með eitthvað með kaffinu til að leggja á hlaðborð.

Fjáröflun



Hlutverk fjáröflunarnefndar ÍÆ er að afla fjár til að bæta hag munaðarlausra barna í þeim löndum sem ættleitt er frá fyrir tilstilli ÍÆ. Árið 2004 lögðu Kínverjar fram áætlun sem þeir kalla "Tomorrow Plan" og er ætlað að bæta lífsgæðum munaðarlausra barna svo um munar með smá stuðningi.

Í útilegu ÍÆ í Borgarfirði hóf fjáröflunarnefnd sölu á stuttermabolum. Bolina prýðir litrík og falleg mynd eftir auglýsingateiknarann Guðjón Davíð og gaf hann félaginu myndina. Bolirnir eru gjöf hjónanna Láru og Bárðar til félagsins en þau hjón eru búsett í Kína og ættleiddu Liv Fei dóttur sína árið 2003. Fyrir hönd félagsins færur við þessu fólki bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Salan á bolunum fór mjög vel af stað og höfum við nú þegar náð að stækka sjóðinn umtalsvert. Við höfum fengið nýja sendingu og eigum nú bolina í mörgum fallegum litum og stærðum, en þeir fást í barnastærðum frá 80 cm og uppúr og kosta 1.000 krónur. Fullorðinsbolirnir eru fánlegir frá XS og upp í stærð 4X-L og kosta 1.500 krónur. Þeir fást einnig í mörgum litum, en litauvalið minnkar eftir því sem bolirnir stækka!

Bolnaheimilið sem ÍÆ hefur verið í samstarfi við í Kolkata á Indlandi til margra ára hefur fengið styrki frá félaginu af og til í gegnum árin og verður svo áfram. Alltaf er þörf á fjármagni til að bæta aðbúnað barnanna sem þar dvelja, auk annarra verkefna sem eru aðkallandi hverju sinni.

Kólumbíumenn hafa einnig sett upp endurhæfingaráætlanir þar sem reynt

er að hlúa að þeim börnum sem minna mega sín með margvíslegri hjálp.

Eins og sést á þessari upptalningu eru næg verkefni framundan sem gott væri að við Íslendingar tækjum þátt í að einhverju leyti, því eins og við flest vitum sem höfum sótt börnin okkar til fjarlæggra landa, þá er hægt að breyta lífsgæðum munaðarlausra barna svo um munar með smá stuðningi.

Í útilegu ÍÆ í Borgarfirði hóf fjáröflunarnefnd sölu á stuttermabolum. Bolina prýðir litrík og falleg mynd eftir auglýsingateiknarann Guðjón Davíð og gaf hann félaginu myndina. Bolirnir eru gjöf hjónanna Láru og Bárðar til félagsins en þau hjón eru búsett í Kína og ættleiddu Liv Fei dóttur sína árið 2003. Fyrir hönd félagsins færur við þessu fólki bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Salan á bolunum fór mjög vel af stað og höfum við nú þegar náð að stækka sjóðinn umtalsvert. Við höfum fengið nýja sendingu og eigum nú bolina í mörgum fallegum litum og stærðum, en þeir fást í barnastærðum frá 80 cm og uppúr og kosta 1.000 krónur. Fullorðinsbolirnir eru fánlegir frá XS og upp í stærð 4X-L og kosta 1.500 krónur. Þeir fást einnig í mörgum litum, en litauvalið minnkar eftir því sem bolirnir stækka!

Bolna má panta hjá fjáröflunarnefndarkonum og einnig á skrifstofu ÍÆ. Einnig verða þeir til sölu hjá þeim Birnu Blöndal (bir@simnet.is) og Ingu Möggu (ingamagg@simnet.is) í skemmtinefndinni á Akureyri. Þeir verða hafðir til sýnis og sölu á

foreldramorgnum félagsins í vetur og viljum við benda á að þeir eru falleg og góð gjöf sem gefur af sér.

Við í fjáröflunarnefnd viljum einnig minna félagsmenn á að hægt er að greiða inn á reikning styrktarsjóðsins okkar hvenær sem er: 0513-26-8875 kt.5311872539. Hafið sjóðinn í huga þegar til stendur að styrkja gott málefni, því allur stuðningur skiptir miklu máli í lífi munaðarlausra barna. Okkar framlag skiptir máli.



Kær kveðja,
fjáröflunarnefnd.



HREYFI LAND

Hreyfiland styrkir Íslenska ættleiðingu með því að bjóða aðstöðu endurgjaldslaust fyrsta laugardag hvers mánaðar milli kl. 13 og 14. Um er að ræða alla aðstöðu Hreyfilands, sal, tæki, eldhús o.s.frv. Sjá nánar dagskrá á bls. 4.

ÍÆ tekur ábyrgð á húsinu og tækjum. Ef eitthvað eyðileggst ber félaginu að endurgjalda það. Það er því ákaflega mikilvægt að allir gangi vel um, skilji við eins og komið er að því og þrifi eftir þörfum. Hreyfiland tekur enga ábyrgð á slysum eða öðru á meðan Íslensk ættleiðing hefur aðstöðuna til umráða.

Við bjóðum fjölskyldur 0 til 5 ára barna í félaginu velkomnar þann 7. janúar 2006 kl. 13:00 í Hreyfiland að Stangarhyl 7 í Reykjavík.

Hreyfiland er fjölskyldu- og barnvæn heilsurækt þar sem lögd er áhersla á að börnin fái að njóta sín. Nánari upplýsingar um starfsemina og aðstöðuna er hægt að fá á vefsíðunni www.hreyfiland.is


Skemmtinefnd

12. árg. 2. tbl.

Félag með heitinu Íslensk ættleiðing varð til árið 1981 þegar nafni félags sem hét Ísland Kórea var breytt, en það var stofnað árið 1978. Árið 1983 voru Íslensk ættleiðing og félagið Ísland Guatemala sameinuð. Félagið hefur rekið skrifstofu frá árinu 1988.

Árið 1994 var fyrst prentað fréttabréf í nafni félagsins, lítill einblöðungur, en undanfari þess voru ljósrituð blöð með fréttum til félagsmanna. Í ljósi þessa er blaðið nú merkt sem 12. árgangur og 2. tbl. sem ekki hefur áður verið gert.

Ömmur og afar



Nýir Íslendingar

Hér eru birtar myndir af börnum sem nýkomín eru til Íslands.



Fanney Rún Jóhannesdóttir
Fædd á Indlandi 15. 8. 2003.
Kom 18. 3. 2005.
Jóhannes G. Harðarson og Steinunn
Baldursdóttir, Borgarnesi.



Atli Steinn Sougato Pétursson
Fæddur á Indlandi 1. 3. 2004.
Kom 15. 6. 2005.
Pétur Arnþórsson og Rósa
Jóhannesdóttir, Reykjavík.



Katrín Edda Lian Þórólfsdóttir
Fædd í Kína 1. 5. 2003.
Kom 3. 3. 2005.
Þórólfur Gíslason og Andrea D.
Björnsdóttir, Sauðárkróki.



Margrét Bo Wan Reynisdóttir
Fædd í Kína 13. 10. 2003.
Kom 3. 3. 2005.
Reynir Þór Finnbogason og Kristín
Waage, Norður Götum - Vík.



Móheiður Mei Þórðardóttir
Fædd í Kína 10. 9. 2003.
Kom 3. 3. 2005.
Þórður K. Karlsson og Soffía
S. Adolfsdóttir, Hveragerði.



Unnur Ósk Unnsteinsdóttir
Fædd í Kína 2. 10. 2003.
Kom 3. 3. 2005.
Unnsteinn R. Kárason og Jóhanna
María Agnarsdóttir, Hrisey.



María Rós Arnardóttir
Fædd í Kína 20. 11. 2003.
Kom 3. 3. 2005.
Örn B. Sverrisson og Ingibjörg
G. Marisdóttir, Garði.



Ragnheiður Guðrún Jóhannesdóttir
Fædd í Kína 1. 12. 2003.
Kom 3. 3. 2005.
Jóhannes F. Stefánsson og Ásthildur
Magnúsdóttir, Ánabrekku - Borgarnesi.



Lóa Guðrún Björnsdóttir

Fædd í Kína 10. 9. 2003.
Kom 3. 3. 2005.

Björn R. Sigurðsson og Sigríður
Viðarsdóttir, Reykjavík.



Kristín Liang Helgudóttir

Fædd í Kína 18. 11. 2003.
Kom 3. 3. 2005.

Helga G. Gunnarsdóttir, Reykjavík.



Karen Yin Guðnadóttir

Fædd í Kína 23. 10. 2003.
Kom 3. 3. 2005.

Guðni H. Gunnarsson og Hrönn
Hafsteinsdóttir, Garðabæ.



Tanya Elisabeth Jóhannsdóttir

Fædd í Kína 25. 11. 2003.
Kom 3. 3. 2005.

Jóhann K. Konráðsson og Hanna
Rósa Sæmundsdóttir, Hafnarfirði.



Harpa Rósey Qingqin Pálmadóttir

Fædd í Kína 11. 6. 2004.
Kom 18. 5. 2005.

Pálmi Finnbogason og S. Svava
Rafnsdóttir, Reykjavík.



Hanna Steina Yin Pálsdóttir

Fædd í Kína 15. 4. 2004.
Kom 18. 5. 2005.

Páll G. Steingrímsson og Kristjana
E. Jóhannsdóttir, Reykjavík.



Berta Rögn Zhu Þórisdóttir

Fædd í Kína 20. 6. 2004.
Kom 18. 5. 2005.

Þórir Hálfðánarson og Ragna
Freyja Gísladóttir, Reykjavík.



Þórunn Jenný Qingsu Guðmundsdóttir

Fædd í Kína 8. 6. 2004.
Kom 18. 5. 2005.

Guðmundur S. Viðarsson og
Ingunn Bernótsdóttir, Kópavogi.



Anna Xing Einarsdóttir

Fædd í Kína 10. 6. 2004.
Kom 18. 5. 2005.

Einar Steinsson og Susanne
E. Götzing, Kópavogi.



Sigurrós Mai Árnadóttir

Fædd í Kína 22. 6. 2004.
Kom 18. 5. 2005.


Árni G. Reynisson og Hulda Þórisdóttir, Reykjavík.



Anna Bibi Wíum Axelsdóttir

Fædd í Kína 29. 5. 2004.
Kom 18. 5. 2005.

Axel Wíum Magnússon og Sigurbjörg K. Jónsdóttir, Reykjavík.



Teodóra Ýr Yngvadóttir

Fædd í Kína 22. 6. 2004.
Kom 18. 5. 2005.

Yngvi Örn Stefánsson og Ragnheiður E. Ragnarsdóttir, Reykjavík.



Jónína Maj Sigurðardóttir

Fædd í Kína 19. 5. 2004.
Kom 18. 5. 2005.

Sigurður Jónsson og Annette J. De Vink, Akureyri.



Kristín Shu Rui Karlsdóttir

Fædd í Kína 13. 5. 2004.
Kom 20. 7. 2005.

Karl Eiríksson og Valentína Björnsdóttir, Reykjavík.



Sunna Herborg Chan Styrmsdóttir

Styrmir Sigurðsson og Halldóra G. Ísleifsdóttir, Reykjavík.



Þóra Xue Reynisdóttir

Fædd í Kína 17. 5. 2004.
Kom 20. 7. 2005.

Reynir Gunnlaugsson og Kristín Guðbrandsdóttir, Reykjavík.



Sara Xiao Reykdal

Fædd í Kína 2. 6. 2004.
Kom 20. 7. 2005.

Sigrún Edda Reykdal, Reykjavík.



Matthildur Ágústsdóttir

Fædd í Kína 29. 6. 2004.
Kom 20. 7. 2005.

Ágúst H. Guðmundsson og Kristín Valdemarsdóttir, Mosfellsbæ.



Anna Kristín Ling Hafsteinsdóttir

Fædd í Kína 4. 6. 2004.
Kom 20. 7. 2005.

Hafsteinn Þór Hilmarsson og
Fanneý Þorkeldsdóttir, Reykjavík.



Sigríður Bára Min Karlsdóttir

Fædd í Kína 24.6.2004.
Kom 20. 7. 2005.

Karl Steinar Valsson og Gyða
B. Olgeirsdóttir, Reykjavík.



María Mist Tómasdóttir

Fædd í Kólumbíu 2. 9. 2004.
Kom 10. 6. 2005.

Tómas Pálmi Pétursson og Guðrún
Gíjja Pétursdóttir, Akureyri.

Heiðmörk vorid 2005



Amma mííín!

Nokkrar ömmur teknar tali



Vinstra megin við Ragnhildi standa Einar Tudorel-Nicu og Anna Zhu og hægra megin eru Hrafn Bogdan og Helga Xialan.

Nafn:
Ragnhildur Gunnarsdóttir Kvaran.
Heimili: Reykjavík.

Hvað áttu mörg barnabörn og hve mörg þeirra eru ættleidd?

Ég á 17 barnabörn og eitt barnabarnabarn. Fjögur barnabarnanna minna eru ættleidd, tveir strákar og tvær stelpur. Og svo eru tvö í viðbót væntanleg, eitt heimatilbúið og annað sem kemur heim frá Kína á árinu 2006.

Samanlagt mun ég því bráðlega eiga 19 barnabörn og eitt barnabarnabarn, þar af eru 5 ættleidd, eða um 25%! Og geri aðrir betur!

Á hvaða aldri eru ættleiddu barnabörnin þín?

Strákarnir, Einar Tudorel-Nicu og Hrafn Bogdan, eru fæddir 1997 og eru því átta ára gamlir, en þeir eru fæddir með tveggja daga millibili.

Stelpurnar, Anna Zhu og Helga Xialan, eru fæddar 2003 og því báðar tveggja ára gamlar. Það er skemmtilegt að börnin eru jafngömul og fylgjast svona að. Einar og Anna eru systkin og Hrafn og Helga sömuleiðis.

Hvar eru þau fædd?

Strákarnir eru báðir fæddir í

Búkarest í Rúmeníu en stelpurnar eru fæddar annars vegar í Chongqing og hins vegar í Hunan-héraði í Kína.

Manstu hver var þín fyrsta hugsun þegar þú vissir að þú mundir eignast barnabarn frá framandi slóðum?

Mér fannst það vera mjög ævintýrlegt og gleðilegt. Ég var fyrst svolítið hissa en mér fannst það mjög ánægjulegt. Mig hefði aldrei dreymt þetta, aldrei í mínum villtustu draumum hefði mig dreymt þetta.

Manstu hvað þú upplifðir þegar þú hittir börnin fyrst?

Mér fannst þetta bara alveg yndislegt. Ég varð bara hugfangin af litlu strákunum, en þeir komu fyrst, og mér fannst þeir alveg æðislegir, bæði fallegir og góðir og skemmtilegir og bara allt sem maður gat óskað sér. Stelpurnar komu seinna og þegar ég hitti þær fyrst fannst mér þær svo fallegar, duglegar og heilbrigðar. Þær urðu strax hændar að foreldrum sínum, en smátt og smátt vöndust þær okkur hinum, það var mjög góð tilfinning.

Viltu lýsa börnunum fyrir okkur?

Ég held að það hafi nú verið ansi erfitt hjá strákunum, ég held að þetta

barnaheimili hafi verið afskaplega erfitt sem þeir voru á og mér finnst alveg undravert hvað þeim hefur farið fram og hvernig þeir hafa aðlagast lífinu hérna. Ég held að það hefði ekki getað verið betra. Þeir eru mjög músíkalskir báðir tveir, þeim gengur vel í skóla og mér finnst bara lífið leika við þá og þeir eru öðrum myndarlegri og yndisleg börn.


Einar er bæði skemmtilegur, góður og vingjarnlegur strákur, mjög greindur og svo er hann einnig mjög fínn í fótbolta og ég gæti trúað að hann yrði einhvern tíma góður í dansi, það er mjög mikil músík í honum. Hrafn er bæði fjörugur og skemmtilegur strákur sem er mjög blíður og góður við alla. Hann er líka eins og Einar ótrúlega flinkur að spila á píanó, mjög músíkalskur. Svo er ótrúlegt að sjá hann synda, hann er öllum flinkari.

Stelpurnar koma frá Kína, en þær virðist hafa verið öðruvísi aðbúnaður og ég held að þær hafi haft betra atlæti. Þær eru svona miklar dúllur og sætar, þær eru alveg yndislegar og lofa góðu.

Anna er óskaplega sæt stelpa og greind. Hún var alveg ótrúlega fljót að byrja að tala og tala rétt, hún skildi alla hluti og var mjög minnug. Þegar hún var að teikna t.d. krassaði hún ekki eins og flest börn gera þegar þau byrja að teikna, heldur var allt svo fínlegt, smátt og vel gert sem hún fönðraði við. Hún er líka fljót að læra vísur og lög. Hún er blíð, góð og yndisleg. Helga litla er mjög mikil sprella, kát og fjörug, mjög liðug og er alltaf að fara í splitt og dansa. Hún elskar að setjast við matborðið og borða. Mér finnst hún ótrúlega sæt, skemmtileg og dugleg.

Langar þig til að segja eitthvað við lesendur, um atvik, hugmynd, eða bara gullkorn?

Ég vil segja að öll börnin hafa verið mér miklir gleðigjafar og að ég finn engan mun á þeim og hinum barnabörnunum mínum. Mér þykir ekki síður vænt um þau heldur en hin. Og að lokum myndi ég ráðleggja öllum sem hafa tækifæri og löngun til að ættleiða barn að vera ekki kvíðið. Þetta er ein besta blessun sem mínum börnum og tengdabörnum hefur hlotnast. Hún hefur auðgað mig sem og alla mína fjölskyldu.



Nafn:

Guðlaug Berglind Björnsdóttir.

Heimili: Hafnarfjörður.

Hvað átt þú mörg barnabörn og hve mörg þeirra eru ættleidd?

Ég á 4 barnabörn, tvö eru ættleidd auk þeirra barna sem tengdasynirnir hafa átt áður og ég á svolítið í líka.

Á hvaða aldri eru ættleiddu barnabörnin þín?

Nökkvi Alexander er 8 ára, fæddur 1997 og Vala Guðlaug er 4 ára, fædd 2001, bæði í Kolkata á Indlandi.

Manstu hver var þín fyrsta hugsun þegar þú vissir að þú mundir eignast barnabarn frá framandi slóðum?

Ég samgladdist foreldrunum og fór strax að hlakka til og bað í hljóði að börnin væru heilbrigð.

Manstu hvað þú upplifðir þegar þú hittir börnin fyrst?

Ég upplifði þau sem lítil börn sem þyrftu mikla ást og umhyggju og það myndu þau svo sannarlega fá.

Langar þig til að segja eitthvað við lesendur, atvik, hugmynd, gullkorn?

Ég get sagt svo margt um börnin því ég reyni að tala við þau daglega og vera með þeim sem mest. Þau eru miklir gleðigjafar, karakter þeirra er mjög ólíkur, stundum þegar ég er með þeim fell ég í stafi og finnst þau undur veraldar, þau heilla mig gjörsamlega. Börnin eru glaðvær og miklar félagsverur, frumleg og skemmtileg og þegar þau segja amma míin! þá bráðna ég alveg niður í tá.



Nafn:

Ingibjörg Símonardóttir

Heimili: Neskaupsstaður

Hvað áttu mörg barnabörn og hve mörg þeirra eru ættleidd?

Ég á 12 barnabörn og 1 barnabarnabarn og þar af er eitt ættleitt.

Á hvaða aldri er ættleidda barnabarnið þitt?

Ástrós Elísabet er 3ja ára og fæddist í Kína.

Manstu hver var þín fyrsta hugsun þegar þú vissir að þú mundir eignast barnabarn frá framandi slóðum?

Mér fannst það strax dásamlegt. Þetta var líka yndislegt fyrir hönd dóttur okkar. Ég vissi strax að þessi litla stúlka yrði mér alveg jafn nákominn og önnur börn.

Stórfrænka mín, dóttir móðursystur minnar, var ættleidd sem ungabarn hérna á Íslandi og mér hefur alla tíð þótt óskaplega vænt um hana og aldrei litíð öðruvísi á hana en sem eina úr fjölskyldunni.

Um leið og dóttir mín sagði mér frá því að til stæði að ættleidda fannst mér það strax svo yndislegt og sjálfsagt.


Manstu hvað þú upplifðir þegar þú hittir dótturdóttur þína fyrst?

Mér fannst hún eins og geislandi ljós. Hún labbaði svona lítil og krúttleg eftir ganginum og var þannig að mig langaði bara til þess að faðma hana strax.

Langar þig til að segja eitthvað við lesendur, atvik, hugmynd, gullkorn?

Mér finnst Ástrós Elísabet vera alveg íslensk, hún er alin upp við íslenska lífshætti og lærði hérna að tala.

Ferð á upprunaslóðir, mæðgin segja frá



Ivar nýkominn heim.

Undirbúningurinn

Ferð sem þessi krefst ærins undirbúnings, sem í okkar tilvikum hófst snemma vors 2004. Að ráði Guðrúnar hjá ÍÆ var haft samband við ferðaskrifstofu á Indlandi, SITA INDIA, sem nú er í eigu Kuoni ferðasamsteypunnar, og rekur deild sem starfar eingöngu á vefnum. Í samráði við þá herra menn, Ajay Singh og Girish George skipulögðum við tíu daga ferð með viðkomu í Delhi, Agra, Darjeeling og Kolkata (Kalkútta). Miðað var við að leiðsögumenn mættu okkur á flugvöllum og fylgdu okkur á hverjum stað. Þetta fyrirkomulag er nánast nauðsynlegt þegar farið er um þessar slóðir til að ná sem mestu á stuttum tíma. Skemmst er frá að segja, að allt stóð eins og stafur á bók hjá þessum ágætu mönnum. Guðrún sá einnig um að undirbúa komu okkar á barnaheimilið í Kolkata. Kunnum við henni bestu þakkir fyrir hjálpinu.

Lagt af stað

Ferðin hófst árla morguns með flugi til London. Ívar svaf alla leiðina í fluginu og við hjónin vorum heldur framlág eftir mikið annríki og svefnlausar nætur við undirbúning. Í London tóku á móti okkur vinir okkar Jacqueline og Freddie sem ég kynntist þegar ég var 17 ára „au pair“ stelpa í London. Þau tóku á móti okkur Ívari í London fyrir fimmtán árum þar sem við hvíldumst eina nótt fyrir heimferðina. Dagurinn í London fór í að njóta samvista við þau og ræða um ævintýrið sem framundan var.

Flugtími til Delhi er um 9 klukkustundir. Vélin frá BA hóf sig á loft kl. 9:55 og lenti í Delhi um kl. 22 að staðartíma. Á leiðinni var helsta affreyningin að lesa og horfa á kvikmyndir, en sjónvarpsskjár er við hvert sæti og boðið upp á 18 rásir. Við komuna á flugvöllinn í Delhi tók við endalaus biðröð til að komast í útflendingaefirlitið. Fyrir utan beið okkar Girish frá SITA ásamt bílstjóranum Bilhar og komu þeir okkur á hótelið.

Fyrstu áhrifin

Fyrsta deginum eyddum við í að rölta um í nágrenni hótelsins sem var Hotel Park á Connaught Square. Förum í ríkisreknu minjagripabúðina, Central Cottage Industries Emporium, að ráði Guðrúnar. Keyptum meira en til stóð en þar var margt

sem freistaði. Borðuðum síðan á McDonalds, kjúklingaborgara og franskar en nautakjötsborgarar eru ekki á boðstólum. Herrarnir keyptu sér leðurjakka og frúin lét sauma á sig indverskt dress. Einnig voru keyptar jólagjafir.

Mannpröngin í Delhi er yfirþyrmandi og lífsbaráttan hörð. Ágengni betlara og sölumanna af ýmsu tagi er slík að það þarf að steypa yfir sig öflugri brynju til að komast áfram. Þeir sem ekki eru með vörur eða þjónustu sem reynt er að selja þér vilja þá ólmir fá þig með í búðina hans „frænda“, alveg súpertilboð, hérna rétt handan við hornið. Skóbustarar skvetta óhreinindaklessu á skóinn þinn um leið og þeir hnippa í þig, benda á klessuna „monkey shit, very bad, I clean for you, very very cheap“ og áður en þú veist af ertu rukkaður um nokkur indversk daglaun fyrir greiðann. Á meðan situr eiginkona skóbustarans þar hjá ólétt og með ungabarn og þér er alveg sama að láta plata þig aðeins. Um kvöldið kom Ajay frá ferðaskrifstofunni á hótelið og farið var nánar yfir ferðaáætlunina.

Fegursta bygging heims

Snemma morguns næsta dag var ekið til Agra með okkar góða bílstjóra Bilhar. Það tók um fjóra og hálf klukkustund. Það var heilmikið að sjá á leiðinni. Mikil fátækt, mengun, umferð, heilagar kýr, betlarar og í okkar augum ein allsherjar ringulreið. Og greinilega ekki fyrir hjartveika að stunda akstur á þeim slóðum. Þegar á hótelið í Agra var komið tók á móti okkur leiðsögumaður sem fór með okkur að skoða Taj Mahal þá ótrúlega fallegu byggingu sem margir telja fegurstu byggingu heims. Hún er grafhýsi yfir elskaða eiginkonu Shah Jahan, Mumtaz Mahal, sem dó 38 ára gömul árið 1631 af barnsförum við fjórtánda barn. Hún hafði komið til Indlands frá Persíu 16 ára gömul.

Það kom fljótt í ljós að það var góð hugmynd að hafa sérstakan leiðsögumann þar því að alls staðar voru langar biðraðir og hann greiddi leið okkar fram fyrir þær, í bókstaflegri merkingu. Grafhýsið er allt úr marmara og innlagt í blómamynstri úr jade, kórólum, onix, lapis, og perlumóður. Það tók 20 ár að byggja það, Shah Jahan var byrjaður að reisa yfir sig grafhýsi hinum megin árinna Yamuna úr svörtum marmara en þá tók sonur hans völdin og setti hann í stofufangelsi í Agra Fort þar til hann dó tíu árum síðar. Akbar, afi Shah Jahans, byggði Agra Fort en Shah hafði byggt við það og stækkað og bjó þar með eiginkonu sínum. Skoðuðum við það einnig. Þaðan er gott útsýni yfir í Taj Mahal og hann hefur getað hugsað um sína elskuðu Mumtaz Mahal í stofufangelsinu. Að þessu loknu var farið með okkur óviljug á marmaraverkstæði þar sem átti að selja okkur minjagripa úr marmara og purfti frúin að byrsta sig og þykjast vera sárlasin til að láta aka sér beint á hótelið.

Morguninn eftir var ekið til baka til Delhi þar sem gist var eina nótt í viðbót.



Fermingarmynd af Ívari.



Skóbustun í Delhi.



Morgunstud á Tiger Hill.



Sólarupprás á Kangchendzonga.

Haldið til fjalla

Lagt af stað í býtið til Darjeeling. Á flugvellinum kom í ljós að ferðaskrifstofan hafði gleymt að staðfesta flugið. Hófst nú miklar samningaviðræður á tungu sem við ekki skildum. Fór svo að fylgdarmaðurinn frá SITA tilkynnti okkur brosandí að þar sem við værum svo virðulegir viðskiptavinir hefði verið ákveðið að hækka okkur í tign og færa á fyrsta farrými. Héldu þannig allir andlitinu.

Í Bagdogra tók á móti okkur leiðsögumaður af serpaættum, Biswas Rai, kallaður Bis, og við tók nokkurra tíma akstur úr 110 metra hæð í 2100 metra til Darjeeling. Þetta var krókóttur og hættulegur vegur, víða hafði runnið úr honum í sumarrigningunum og viðgerð ekki alls staðar lokið. Stoppað var einu sinni á leiðinni, í Kurseong, til að snæða. Í Darjeeling gistum við á Hótel Mayfair, sem upphaflega var byggt sem sumarhöll maharaja nokkurs.

Vaknað var kl. 03.00 um nóttina til að fara í ferð á Tiger Hill til að sjá sólarupprás yfir Himalayafjöllum. Á Tiger Hill býr gyðjan Durga með tígrisdýrið sér við hlið. Beðið er til hennar fyrir styrk og óttaleysi til að gera það sem þarf. Tiger Hill er í um 2500 metra hæð en hæsti tindurinn í nágrenninu er Kangchendzonga í 8598 metra hæð og er það þriðji hæsti tindur veraldar. Nafnið þýðir stóra fimm tinda snjóvirkið á tibetsku. Einnig sést til Mount Everest í góðu skyggni.

Nú upphófst mikill kappakstur í mikilli jeppaös til að komast sem næst hæðinni. Og þegar sólin lét á sér kræla stóðu hundruðir manna og biðu í andakt eftir þessu sjónarspili náttúrunnar þar sem sólin reis yfir sjóndeildarhringinn í austri, fyrst sem rauðkúluhattur og síðan sem rauð kúla sem lýsti upp tindana. Fögur sjón og mikilfengleg.

Á eftir var farið og skoðað Ghoona buddhaklaustrið sem byggt var árið 1850 af tibetskum stjórnspekingi og munki. Það er regla gulu hattanna sem er sú sama og Dalai Lama tilheyrir. Þar var stórt líkneski, 5 metra hátt, sem er af framtíðar Buddha. Við hvíldum okkur um eftirmiðdaginn og fórum síðan að skoða bæinn og fótboltaskó. Keyptum okkur vestrænan skyndibita þar sem tvö okkar áttu nokkuð erfitt með indverskan mat.

Næsta dag var haldið í skoðunarferð með Bis um Darjeeling og nágrenni. Darjeeling þýðir staðurinn þar sem þrumur eru. Þar búa aðallega Gurkhar sem koma frá Nepal og nágrenni. Þeir hafa verið í réttindabaráttu undanfarin ár og vilja stofna sjálfstætt fylki, Gurkhaland. Þeir tilheyra nú Vestur Bengal og sveitarstjórnin er í Kolkata sem er langt í burtu. Þeir vilja hafa sína eigin sjálfsmynd eins og aðrir á Indlandi, Bengalir búa í Bengal og Rajar í Rajasthan eru m.a. rökkin. Þetta hlaut góðan hljómgrunn hjá sjálfstæðum Íslendingum en álíka langt er frá Reykjavík til Kaupmannahafnar og frá Bagdogra til Kolkata.

Við skoðuðum teplantekru þar sem okkur var sýnt hvernig te er ræktað og unnið. Af te eru tvö afbrigði. Annað er assan te sem ræktað er á láglendi og hefur stór blöð. Það er sterkt og dökkt. Hitt er kinate sem er ræktað í meiri hæð og hefur minni blöð. Það er mildara á bragðið. Allt Darjeelingte er kinate. Það voru Englendingar sem byrjuðu að rækta þar te sem þeir smygluðu frá Kína árið 1843. Þeir höfðu fengið landið gefins frá soldánum í Sikkim árið 1835 fyrir að hjálpa honum að vinna aftur Nepal. Árið 1855 var terækt orðin aðaliðnaður í héraðinu og margt fólk flutti þangað á þessum tíma frá Nepal og Tibet.


Næsti viðkomustaður var "Tibetan Refugee Self-Help Centre", sjálfhjálparráðgjafi fyrir flóttamenn frá Tibet, en mikill fjöldi þeirra flúði þegar Kínverjar hertóku Tibet árið 1959



Ghoona musteríð í Darjeeling.



Í Darjeeling.



Börn í Darjeeling.

eins og alþekkt er. Þar keyptum við nokkra minjagrip og pöntuðum teppi sem sent var sjóleiðis heim.

Frá flóttamannamiðstöðinni var haldið í Himalayan Mountaineering stöðina, safnið og í dýragarðinn. Á fjallasafninu voru sýndir helstu sigrar á fjallatoppum Himalaya m.a. Edmunds Hillary og serþans Tenzing Samadhi Norgay á Mount Everest árið 1953. Tenzing stjórnaði stöðinni þar til hann dó árið 1986. Dóttir hans og sonur og síðan sonarsonur hafa öll haldið uppi merkjum hans og klifið Mount Everest. Í dýragarðinum voru mörg dýr frá þessu svæði og þeirra frægast er rauð panda, sem er nær útdauð. Áður fyrr þótti það að sjá hana boða ólán en er nú til mikillar gæfu. Þar eru einnig Síberíu tígrisdýrið og svartí Himalayjabjörninn sem er þekktur fyrir hvítt hálfmánalaga merki á brjóstinu, snjóhlébarði og Tíbetúlfar.

Eftir þessa ferð kvöddum við okkar geðþekka unga serpa og gáfum honum áritað kort frá íslensku listakonunni Mússu og smá aukapóknun. Eyddum það sem eftir var dags á internetkaffi og við að skrifa kort til ættingja og vina.

Hápunkur ferðarinnar

Ekið var fjallveginn niður til Bagdogra og þaðan flogið til Kolkata. Þar tók á móti okkur Sachi og fór með okkur á hótelið. Löbбуðum um nágrennið og kíktum í búðarglugga. Búið var að loka flestum búðum en götusala var þeim mun líflegri. Borðuðum á litlu veitingahúsi, Blue Star, með einföldum og ódýrum mat en góðum. Mælt er með þessum stað í ferðahandbókinni Lonely Planet, en sú bók var biblían okkar í ferðinni. Á hótelinu fengum við okkur síðan ís og kaffi og þar kostaði einn ís eins og máltíð fyrir þrjá á Blue Star.

Nú var stóri dagurinn runninn upp. Við byrjuðum daginn á að hringja í Anju, forstöðukonuna á Matri Sneha og mæltum okkur mót við hana. Við vorum síðan sótt og keyrð á barnaheimilið. Þar tók Anju á móti okkur og fór með okkur á skrifstofuna. Við færðum barnaheimilinu gjafir bæði frá okkur og frá Íslenskri ættleiðingu. Síðan var barnaheimilið skoðað. Konurnar skoðuðu Ívar í krók og kring og við sýndum þeim myndir af honum á barnaheimilinu fyrir fimmtán árum og af uppveiti hans. Þrjár þeirra voru að vinna þar á þessum tíma og mundu vel eftir honum. Sögðu að hann hefði grátið ansi mikið. Við tókum síðan myndir af börnunum og sérstaklega af þeim sem voru á leið til Íslands þeim Sugato og Piu. Yndisleg börn sem við hlökkum til að sjá aftur heima. Síðan fórum við aftur upp á skrifstofu og ræddum lengi við Anju og Ívar spurði hana ýmissa spurninga.

Menningarborgin Kolkata

Fórum í skoðunarferð um Kolkata. Leiðsögumaðurinn okkar hann Sachi (Sabyasachi Bhattacharjee) var mikill fróðleiksbrunnur um indverska menningu og stjórnmál.




Anju, forstöðukona Matri Sneha og Ívar.

Aðalhetja hans var Chandan Bose sem vildi ekki semja um frelsi við Breta heldur sagði að frelsi væri fæðingarréttur hvers og eins og væri ekki til samninga. Hann var þar á öndverðum meiði við Gandhi. Flugvöllurinn í Kolkata ber nafn hans. Fyrst fórum við að skoða Howrah brúna og til að komast að henni gengum við í gegnum blómamarkað við brúarsporðinn þar sem voru seldar morgunfrúr, lótusblóm, rósir og margar fleiri tegundir sem ég kann ekki að nefna. Brúin var full af fólki á leið í vinnu. Okkur var sagt að yfir hana færi ein milljón manna gangandi og fjögurhundruð þúsund farartæki á hverjum degi. Brúin var byggð árið 1890 af Bretum en er þýsk hönnun. Síðan var haldið í musteri Kali í Kalicat. Þetta var áður þorp sem síðan borgin öll tekur nafn sitt af. Kolkata er ekki gömul borg, stofnuð af Bretum fyrir um 300 árum og var höfuðborg breska Indlands fram á tuttugustu öld. Kali er mikið dýrkuð á þessum slóðum og m.a. beðið til hennar um langlífi. Við færðum henni fórnargjafir og báðum fyrir velferð Ívars. Þarna er einnig heimili Móður Theresu. Síðan fórum við að skoða minnismerki Viktoríu drottningar.

Kolkata er miðstöð menningar og lista og Bengalir löngum rómaðir fyrir framlag sitt á því sviði. Þaðan eru t.d. ljóðskáldið Rabindranath Tagore, rithöfundurinn William Thackeray og kvikmyndaleikstjórinn Satyajit Ray. Það er e.t.v. þetta einkenni þjóðarsálar Bengala sem gerir að þrátt fyrir að í Kolkata sé sama mannmergðin og fátæktin og sjá má í Delhi, þá er andrúmsloftið mun afslappaðra og áreiti solumanna og betlara á mun lágstemmdari nótum og gerir það borgina mun notalegri en t.d. Delhi.



Blómamarkaður í Kolkata.



Howrah brúin.




Jói, Sachi og Ívar við Kalihofið í Kolkata.

Ívar hefur orðið

En nú gef ég Ívari orðið og hann lýsir áhrifum ferðarinnar og hugleiðingum um hana með eigin orðum:

Mér fannst ferðin hafa nokkuð sterk áhrif á mig þar sem uppruni minn er indverskur. Tilhugsunin um að vera að fara út var spennandi en samt spáði ég alls ekkert mikið í það, enda frekar jarðbundinn og heimakær. Ég vissi alls ekki við hverju var að búast þegar ég steig út á götur Delhi en fékk algjört menningarsjökk og tel að maður þurfi alls ekki að vera ættleiddur til þess. Fólksfjöldinn er gríðarlegur og beljur voru úti á mörgum vegum og það þykir sjálfsagt á Indlandi. Taj Mahal er án efa eitt stórkostlegasta mannvirki allra tíma. Ég fann mig enn betur í þessu grafhýsi heldur en í Delhi og var farinn að fá þá hugmynd í kollinn að ég væri týndi sonur Shah Jahan. En samkvæmt ártölum og hreinni rökhusun, þá gerði ég mér grein fyrir því að ég væri enginn prins. Skemmtileg tilhugsun samt sem áður.



Prinsinn við Taj Mahal.

Grafhýsið var fallett en ennþá fallegra fannst mér í Darjeeling. Loftið var jafn tært og hið íslenska og allir voru ótrúlega vinalegir. Enginn betlaði þarna. Ég man ekki hvort það var vont veður en í minningunni var alltaf sólarupprás eða sólsetur.

Kolkata var mun vingjarnlegri en Delhi. Nær allsstaðar var mikið af fólki sem átti lítið sem ekkert. Það var mjög dapurt að horfa upp á fátækar fjölskyldur betla og sjá einstæðar mæður sitja með börn sem þær gátu vart séð fyrir. Þó svo að mér hafi fundist allt frekar framandi og dapurt þá mátti ég til með að líta á björtu hliðarnar og horfa á allt það þakkláta fólk sem var ánægt með borgina sína.

Ég heimsótti barnaheimilið mitt. Fóstrurnar fengu að sjá myndir af mér teknar fyrir 15 árum á barnaheimilinu og það voru þrjár konur sem voru að vinna núna á heimilinu sem höfðu verið líka að vinna þar þegar ég var litill. Það var mjög gaman að heyra að þær mundu eftir mér, ekki það að ég hafi verið neitt rosalega kátur, heldur var ég alltaf að gráta eitthvað út í loftið sögðu þær brosandi. Ég sá að þeim fannst virkilega gott að sjá hvernig ég hafði vaxið og dafnað enda réðu þær ekki við sig og klipu mig aðeins í kinnarnar.

Þetta var hápunktur ferðarinnar enda var tilgangurinn að skoða heimilið. Mér fannst bara svo gott að sjá fósturnar fá þá vitneskju að þær væru ekki að vinna til einskis og á ég þeim mikið að þakka. Anju sagði líka við mig að þetta hefði verið ótrúlegt fyrir þær að sjá mig aftur enda sagði hún að það væru fáir sem snéru aftur til þess að heilsa upp á barnaheimilið.



Ívar og fósturnar á Matri Sneha.

Ég mæli mjög svo með því að foreldrar fari með ættleidd börn sín aftur til upprunalandisins þó svo að það sé mjög persónubundið hvaða áhrif það hefur á hvern einstakling. Ég er ekki að segja það að ég hafi orðið nýr maður eftir að ég kom heim. Málið er bara að þetta fékk mig til þess að hugsa um hvaða tilgang ég hefði í lífinu, svo fékk ég líka bara ólýsanlega reynslu sem ég mun seint gleyma.

Skrifað á vormánuðum 2005.

María J. Gunnarsdóttir
Jóhann Bergmann
Ívar Bergmann Egilsson

涵
退
禅

HEILSU BREIÐINN

Kínversk heilsuind
Skeifunni 3j
Sími 553 8282
www.heilsudrekkinn.is

禅
谦
安

GJAFABRÉF ● GJAFAVÖRUR ● JAFNVÆGI FYRIR LÍKAMA OG SÁL

Um ferðir til fæðingarlandsins

Enn sem komið er hafa fá íslensk ættleidd ungmenni sýnt áhuga á að ferðast til fæðingarlands síns til að skoða sig um. Hvers vegna þetta er veit ég ekki en ástæðurnar geta verið ýmsar, svo sem mikill ferðakostnaður, en e.t.v er ein ástæða sú að flest börn sem ættleidd hafa verið til Íslands hafa komið hingað ung og eiga engar minningar frá fæðingarlandinu og upplifa sig sem „algjörlega íslensk“ eins og mörg þeirra segja. Hér heima veit ég aðeins um 5-6 unglinga sem hafa farið í slíka ferð.

Ástæða slíkrar ferðar er að „finna ræturnar“ sjá hvaðan maður kemur, hitta fólk af sama uppruna og kynnast menningu upprunalandins. Þótt ekki sé hægt að hitta kynforeldrana er hægt að fá hugmynd um ástæðu þess að barnið var ættleitt. Sá sem fer í heimsókn til upprunalandins verður að hafa raunhæfar væntingar og hafa gert upp við sig hvers hann leitar og skilja að slík ferð getur haft mikil áhrif á allt líf hans, hvort sem er til betri eða verri vegar. Útkoman er óviss.

Einhverja sem fara í ferð til fæðingarlandsins dreymir um að hitta kynforeldra sína og vonast til að það verði stór stund. Í flestum tilfellum tekst það ekki og kemur þar margt til. Það eru engar upplýsingar til um upprunafjölskylduna ef barnið var yfirgefið undir nafnleynd, það er langt síðan barnið var ættleitt, skrifstofan sem sá um ættleiðinguna er flutt og engar upplýsingar að finna, eða barnaheimilið hefur hætt starfsemi. Stundum eru aðstæður þannig að enginn veit að barnið fæddist nema kynmóðir þess, barnið er vel geymt leyndarmál og vitneskja um tilveru þess gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir hana. Hún gæti lent í því að vera útskúfað

úr fjölskyldunni og missa samband við önnur börn sem hún kann að eiga. Sumir ættleiddir sem hafa fundið upprunafjölskyldu sína hafa fengið góðar móttökur en síðan hafa jafnvel verið gerðar kröfur til þeirra, m.a. til þess að þeir sjái fyrir atvinnulausum ættingjum í upprunalandinu eða taki þá að sér. Nauðsynlegt er að vera undir það búinn að allt geti gerst ef ungmennið hittir einhverja úr upprunafjölskyldunni.

Hvenær er gott að fara? Það eru misjafnar skoðanir á hvenær best er að fara í ferð til fæðingarlandsins. Sumir telja að gott sé að fara með krakka um 11 ára aldur, þ.e. þegar þeir eru farnir að sýna skilning á ýmsum aðstæðum í heiminum en áður en unglingsárin byrja með öllum óróleikanum sem þeim fylgja. Ferð til upprunalandins fylgja styrkar tilfinningar og fólk þarf að hafa ákveðinn þroska til að vinna úr þeim. Frá 18 ára aldri má segja að sá þroski komi, ásamt áhuga á að kynnast umheiminum enda er algengt að ungmenni á þeim aldri ferðist um heiminn. Kostur við að fara eldri er líka að þá hefur fólk lært töluvert í erlendum tungumálum og á auðveldara með að gera sig skiljanlegt í ferðinni. En fyrst og fremst á að fara þegar barnið eða unglingurinn vill sjálfur, ekki undir þrýstingi frá foreldrum.

Hvað þarf að hafa í huga þegar slík ferð er skipulögð? Mikilvægt atriði er að fara þegar fjárhagurinn leyfir. Ferðakostnaður til fjarlæggra landa er oft mikill og ef fólk vill ferðast og skoða landið, láta sér líða vel á góðum gístistöðum, kaupa minjagrip og annað sem tilheyrir langferðum, þá má ekki spara of mikið.

Nauðsynlegt er að skipuleggja


svona ferð vel, að fá bólusetningar, eiga vísa gistingu og hafa tengilið á staðnum sem getur aðstoðað eins og þarf. Einnig þarf að hafa samband við barnaheimilið ef það er ennþá starfrækt og biðja um leyfi til að koma í heimsókn. Hafi lögfræðingur séð um ættleiðinguna ætti að hafa samband við hann, eða aðra sem talið er að hafi vitneskju um ættleiðinguna. Stundum geta íslenskir ræðismenn á staðnum aðstoðað en allur svona undirbúningur tekur tíma.

Hvernig á að ferðast? Einn, í hópferð, með fjölskyldu eða vinum? Flest mælir með að ferðast með öðrum, það er betra að hafa einhvern til að tala við, gjarnan einhvern nákominn sem skilur tilfinningarnar, sem styður og aðstoðar. Kjörfjölskyldur í nágrennalöndunum hafa farið í ferðir til fæðingarlandsins og sum skandinavísku félögin hafa skipulagt slíkar ferðir. Vonandi getur skrifstofa Íslenskrar ættleiðingar í framtíðinni aðstoðað ættleidda og kjörfjölskyldur við undirbúning slíkra ferða.

Guðrún Ó. Sveinsdóttir

Munið vef
Íslenskrar
ættleiðingar á
www.isadopt.is

Svör við gátum: 1) Egglið, 2) Skipið, 3) Nafnið, 4) Koddli, 5) Vísar á klukkunni.



Ábyrg þjónusta í áratugi

EIGNAMIDLUN

sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is

Ættleiðing er lífsreynsla



Selma með dótturina á kínversku sjúkrahúsi.

Að ættleiða er stórkostlegt. Við hjónin höfum ættleitt tvö börn, annað frá Rúmeníu og hitt frá Kína.

Í apríl 1999 fórum við til Rúmeníu að sækja 10 mánaða gamlan son okkar, Sigbór Constantin, og í desember 2004 héldum við svo til Kína að sækja 14 mánaða gamla dóttur okkar, Sólrúnu Maríu. Þessar tvær ættleiðingar voru mjög ólíkar að því leyti að við vorum meðvitaðri um ættleiðingarferlið og allt sem því fylgdi þegar við sóttum um í seinna skiptið. Þrátt fyrir að við værum öruggari er alltaf mikið ferli í kringum ættleiðingu og ekki voru nú pappírsmálin minni þegar vinna átti umsóknina til Kína.

Þegar við fórum til Rúmeníu var auðvitað mjög spennandi að vera að eignast sitt fyrsta barn og koma til

framandi lands. Þetta gekk ágætlega og bjuggum við í íbúð lögfræðingsins sem sá um ættleiðingarferlið. Í Rúmeníu vorum við einu hjónin frá Íslandi, höfðum lítinn stuðning og mikið var að gera hjá lögfræðingnum. Við skoðuðum því landið ekki mikið. Fórum í einn bíltúr og sáum hallir Ceausescu, annars röltum við bara um nágrenni íbúðarinnar þessa fáu daga sem við vorum þarna.

Í Kína vorum við fimm hjón saman og var mikill stuðningur af því. Hópurinn var búinn að hittast heima hjá öllum áður en farið var í þessa mikilvægu ferð og þekktumst við því orðið vel. Við hittumst einnig á kaffihúsi þegar myndirnar voru komnar og glöddumst saman yfir þessum yndislegu prinsessum. Þegar komið var til Kína tóku fararstjórar á móti hópnunum og pössuðu vel upp á hann. Búið var að skipuleggja ferðir og allt í kringum ættleiðinguna. Þrátt fyrir mikið ferðalag og stress vegna pappírsmála gekk þetta því allt mjög vel með góðri aðstoð fararstjóranna.

Í Rúmeníu fengum við ekki tækifæri til að sjá rúmið sem sonur okkar hafði sofið í og var komið með hann í eina herbergið sem við fengum að sjá á barnaheimilinu. Í Kína hins vegar fengum við dóttur okkar á ættleiðingarskrifstofunni og höfðum við síðan tækifæri til að koma á barnaheimilið hennar tveim dögum seinna. Því miður gátum við ekki nýtt okkur það vegna erfiðra veikinda dóttur okkar sem var komin með háan hita og sýkingu í lungun. Við fórum því með hana á sjúkrahús og þurfti hún að fá sýklalyf í æð. Það var mikil lífsreynsla að fara með barnið sitt á sjúkrahús í Kína. Aðstæður voru að okkar mati frekar bágbornar og hreinlæti ekki mikið. Þarna talaði enginn ensku og maður sjálfur

mállaus. Fararstjórinn var því okkar hald og traust og hópurinn var okkur ómetanlegur stuðningur. Þarna reyndi mikið á andlegu hliðina. Þetta var mjög erfitt þegar mynda átti góð og jákvæð tengsl, en litla stúlkan okkar stóð sig samt eins og hetja og þurfti ekki lyfjagjöf í æð þegar komið var til Beijing. Hún fékk lyf sem við gáfum henni og hresstist hún með hverjum deginum sem leið. Það var því hægt að halda áfram að njóta ferðarinnar þó fara þurfti varlega með hana.

Þrátt fyrir þessa lífsreynslu var hreint ævintýri að koma til þessa lands og allar þær góðu stundir sem við áttum þar ógleymanlegar.

Kveðja Selma og Jóhann, Selfossi



Þrjú systkinapör. Strákarnir eru fæddir í Rúmeníu en stelpurnar í Kína. Frá vinstri: Sigbór Constantin og Sólrún María Jóhannsbörn, Hrafn Bogdan og Helga Xialan Haraldsbörn og Einar Tudorel-Nicu og Anna Zhu Ragnarsbörn.

Barnið mitt

*Ég horfi í undrun á heiminn og þig.
Á hönd þína og fagra kinn.
Þú komst til mín, barn mitt, á kyrrlátri stund,
og ég kyssti þig, vinur minn.
Og andlit þitt var eins og viðkvæmt blóm,
sem vex upp í himininn.*

*Það var eins og guð hefði vitjað mín.
Ég veit ekki hvað það er.
En ekkert í heiminum öllum er til
sem ann ég meira en þér.
Þig aldrei ég undir brjóstum bar,
en ég ber þig í hjarta mér.*

Höfundur: Gunnar Dal

Þá varð afa hugsað til ...

Nokkrar hugleiðingar úr Kínaferð



Ferðafélagarnir við Kínamúrinn.

Í bernsku sögðum við krakkarnir gjarna þegar vel lá á okkur: „Allt í þessu fína frá Kína“. Ekki held ég að önnur merking en stundargleði hafi legið í orðunum, enda vissum við lítið um Kína á þessum árum annað en að landið væri fjarlægt og framandi. Man þó eftir að hafa séð sem strákur sýningu í Reykjavík, er Oddný Sen setti upp skömmu fyrir upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar á ýmsum gripum sem hún hafði með sér heim eftir langa búsetu í Kína og einkennandi þóttu fyrir ævaforna menningu, heimspeki og þjóðlegt handverk Kínverja. Skólaganga, lestur bóka og frásagnir í fjölmiðlum af samtímaviðburðum juku smám saman við myndina er maður gerði sér um Kína og kínverska alþýðu sem þola mátti öldum saman áþján innlendra valdastétta og erlendra nýlenduherra. Tilviljakenndar og oft harla misvísandi fréttir af innrásarstríðum og borgarastyrjöld bættu enn við ímyndina en skýrðu hana ekki að ráði og þegar stofnað var Alþýðulýðveldið Kína í október 1949 fagnaði maður fréttum og frásögnum af miklum umskiptum til hins betra í kínversku samfélagi. Síðar vöknudu efasemdir um ágæti ýmissa ákvarðana valdhafanna þar eystra, Stóra stökkið og Menningarbyltinguna svo dæmi séu nefnd, og enn er ekki auðvelt að gera sér glögga grein fyrir þeirri þjóðfélagsgerð sem í deiglinni hefur verið í Kína síðustu tvo áratuginna eða

þrjá.

Ferð til Kína, þessa mikla lands og gamalgróna menningarríkis, hefur því lengi verið á óskalistanum; stutt ferð hlýtur að vera betri en engin ef skerpa á myndina af landi og þjóð, hugsaði ég. Uppsöfnuð forvitni um land og landshagi þar eystra átti þess vegna sinn þátt í að við hjónin skráðum okkur í hópferð til Kína á liðnu hausti. Þó réð úrslitum um þá ákvörðun sú staðreynd að dóttir okkar og tengdasonur sóttu sér tæplega ársgamalt kjörbarn þangað austur fyrir þremur og hálfu ári, og þótti okkur þá sem við hefðum tengst Kínverjum einskonar ópersónubundnum fjöl-skylduböndum.

Jang eða Jin

Á hálfum mánuði getur ferðalangur í fjarlægju og framandi landi auðvitað aðeins fengið örlitla nasasjón af samfélaginu sem þar ríkir, svör fást ekki við stórum spurningum og nýjar vakna miklu fleiri en þær sem svarað er. En samt fer ekki hjá því að myndin sem lagt var upp með í farteskínu skerpist og skýrist á þessum fáum dögum, og breytist um leið. Og hafi mér ekki áður verið það ljóst, þá var nú enginn vafi lengur í mínum huga um kínverska stórveldið og stöðu þess meðal þjóða heims, stórfelldar framkvæmdir og sýnilega uppbyggingu. Það sem ferðamaðurinn

sér ekki á ytra borði eða skynjar á fáum dögum liggur í þagnargildi, líkt og spurningin mikla: Hvernig tekst Kínverjum að blanda saman því skársta úr kapítalisku hagkerfi við hugmyndafræði sósíalísmans, eins og hún er og hefur verið túlkun af kínverskum stjórnvöldum hverju sinni. Gamall kommi hefur miklar efasemdir og verður hugsað til olíu og vatns; illa blandast þeir vökvar oftast nær. En kannski nýtist Kínverjum sú ævaforna heimsmynd sem kennd eru við Jang og Jin, öflin tvö sem ríkja í tilverunni, og eilíf víxláhrif þeirra sem stýra fæðingu og dauða, æsku og elli, degi og nótt, sumri og vetri o.s.frv. Jang og Jin mynda saman þá heild sem nefnist Taó og þýðir vegur og hefur verið frumhugtak kínverskrar hugsunar árpúsundum saman.

Komin alla leið til Kína leitaði hugur okkar hjóna heim til dótturdótturinnar á Íslandi, og því oftast sem á ferðina leið. Enda vorum við stödd í fæðingarlandi hennar. Að vísu komum við ekki til borgarinnar þar sem hún fæddist, Gúangzhú sem hét Kanton í mínu ungdæmi og er sunnarlega í landinu, ekki langt frá Hongkong, en um miðhluta Kína lá þó leið okkar og síðan norður til höfuðborgarinnar.

Stoltir kjörforeldrar

Næstsíðasta dag ferðar okkar skoðudum við m.a. hina fornu keisarahöll í Peking, „borgina forboðnu“. Þar sáum við í hópi þúsunda ferðamanna fólk, sem ekki bar svipmót heimamanna, og hafði með sér ung börn í kerrum og vögnum, kínversk að yfirbragði. Við giskudum strax á að þarna væru á ferðinni útlendingar, sem ættleitt hefðu börn í Kína og tekið með sér í skoðunarferðir um borgina áður en halda skyldi heimleiðis. Þannig vissum við a.m.k. að verið hafði, þegar dóttir og tengdasonur fóru austur til að sækja kjördótturina. Þau sögðu okkur að mikið hefði verið lagt uppúr því að náin persónuleg tengsl mynduðust milli barnsins og kjörforeldranna í upphafi, strax og barnið var komið í fadm móður eða föður. Og það voru greinilega ánægðir og stoltir foreldrar sem hömpuðu og hlúðu að börnum sínum í Forboðnu borginni þennan eftirmiðdag. Við lögðum ekki í að yrða á barnafólkið og spyrja hvaðan það væri komið til Kína og hvert barnið var sótt, en útlit og tungutak gaf til kynna að foreldrarnir kæmu víða að. Þarna var á ferðinni enskumælandi fólk, líklega Bandaríkjamenn og Ástralir, og einnig hjón eða sambúðarfólk sem gæti hafa

verið frá Evrópu sunnanverðri. Ekki urðum við vör við Norðurlandabúa í þessum hópi.

Virðing og stolt

Svör fást vitanlega ekki við öllum spurningum og allra síst þegar stórt er spurt, til dæmis hverskonar framtíð biði ungs barns. Framtíðin ræðst af svo mörgu: heilbrigði og heilsuleysi, greind og geðslagi, upplagi og uppeldi, aðstæðum og atferli, félögum og frændgarði, heppni og óheppni, hamingju og óhamingju, svo eitthvað sé nefnt af öllu því sem allir vita að skipt getur máli í lífi hvers einstaklings. En líkt og gerðist þegar við hjónin sáum barnabarnið frá Kína fyrsta sinni á Keflavíkurflugvelli hugsuðum við líka, þarna innan múra „borgarinnar forboðnu“, til þess hversu heppnir þessir munaðarleysingjar hafi verið að komast í hendur hamingjusamra kjörforeldranna. Framtíð þessara ungu barna hlyti að verða bjartari en ætla mætti að orðið gæti í óvissunni í fæðingarlandinu. Og við sáum fyrir okkur í hugarum stelpuhnokka stækka og taka út þroska fallettrar ungrar stúlku, líka í útliti og fasi þeim fjölmörgu, sem við sáum á ferð okkar um Kína. Það voru myndarleg ungmenni flest hver, frjálsgleg og fónguleg. Á þessari stundu hvarflaði ekki að mér annað en að dótturdótturinnar biði björt framtíð.

Ég neita því hinsvegar ekki að mér var hugsað til þess sem hún kann að fara á mis við í uppeldi sínu á Íslandi en fengi með einum eða öðrum hætti á sama aldri í hinu forna menningarriki. Efast ég þó ekki um að kjörforeldrar barna frá útlöndum innræti þeim virðingu fyrir ættlandinu gamla og hvetji þau að vera stolt af uppruna sínum. Einn liður í þessari viðleitni er að halda við þeim kynnum foreldra og barna sem skapast hafa í hópferðunum til kjörlandsins með reglubundnum fundum og samvistum. Dótturdóttirin talar jafnan um „Kínasystur“ þegar

hún segir frá vinkonunum ungu og samfundum þeirra nokkrum sinnum á ári. Þar rækta þær vináttuna og búa vonandi að henni þegar áhuginn á upprunum og sameiginlegri arfleifð eykst með aldrinum.



Ívar að teikna með Hildi Björgu Kristjánsdóttur, afastelpunni sinni.

Að skynja „klið tungunnar“

Börn eru afar næm og móttækileg fyrir nýrri vitneskju og þekkingu á fyrstu æviárunum og á það ekki hvað síst við um málþroska og orðanotkun. Allir sem fylgst hafa með þroskaferli ungra barna hljóta að undrast hversu hratt talmálsþroski þeirra vex, ef allt er með felldu. Brúklega íslensku læra börnin flest á fáum misserum og ná á skömmum tíma ótrúlega góðu valdi á framburði og beygingarmyndum orða. Ofan á þennan grunn eru menn svo að byggja alla ævi, í námi og starfi.

Sú hugsun læðist óneitanlega að manni, að nýta mætti hina einstæðu hæfileika barnanna og kenna þeim nokkur undirstöðuatriði þess tungumáls sem talað er í fæðingarlandi þeirra, hvers og eins. Fær leiðbeinandi myndi kynna börnunum „klið tungunnar“ og „músík málsins“ eins og góður maður orðaði það einhverju sinni, og sú tilsögn gæti síðar orðið undirstaða frekara málanáms. Kannski er eitthvað í þessa veru þegar í

gangi, án þess höfundu þessa pistils sé kunnugt, og ekki ólíklegt, svo mikilvægur er þáttur tungumálsins í menningararfinum sem svo er nefndur.

Ekki langt sótt

Stutt ferð er betri en engin ef kynnst á framandi landi og þjóð, hugsaði ég áður en lagt var upp í Asíuförina í haust. Þegar heim var komið úr ferðinni vildi ég fræðast enn frekar og tók þá fram þær fáu bækur um Kína og kínverska menningu, forna og nýja, sem til eru á mínu heimili. Ein bókanna var Tao-te-king, „Bókin um dyggðina og veginn“, einstakt rit í bókmenntum Kínverja eftir spekinginn Lao-tse, sem talinn er fæddur árið 604 fyrir Kristsburð. Í þessu spakmælasafni kennir ýmissa grasa, en í XLVII. kafla rakst ég á þessar setningar sem eru eins og þversögn við sitthvað það sem ég hef áður sagt hér í þessum hugleiðingum. Fer því best á því að Lao-tse eigi síðasta orðið í þessum pistli. Þýðingin er eftir Jakob J. Smára og Yngva Jóhannesson, útgefandi Stapafell 1971:

1. Það er unnt að kynnst veröldinni án þess að koma út fyrir dyr. Það þarf ekki að líta út um gluggann til þess að sjá Veg himnanna. Því víðförlari sem maðurinn verður, því minna skilur hann.

2. Þess vegna öðlaðist hinn vitri þekkinguna án þess að ferðast. Hann gefur hlutunum heiti, þótt hann sjái þá ekki, og fullkomnar starf sitt án strits.

Ívar H. Jónsson

Fyrirverandi blaðamaður og ritstjóri og síðar skrifstofustjóri Þjóðleikhússins.

Ritnefnd fréttablaðs ÍÆ stefnir að því að gefa út annað blað í vetur.

Allt innsent efni um ættleiðingar, uppeldi og skyld mál er vel þegið.

Værir þú tilbúin(n) til að deila ættleiðingarsögu ykkar með öðrum?

Allar hugmyndir og uppástungur um efni eru vel þegnar.

Gætu dagbókarskrifin þín orðið að upplýsandi grein fyrir aðra?

Sendið okkur línu á netfangið aldasig@simnet.is

Hefur þú skrifað ljóð um barnið þitt?

Hafið einnig samband ef þið viljið auglýsa í blaðinu.

Edlilegt að miða við hin Norðurlöndin

Það vita þeir sem hafa ætteleitt að ákvörðun um að ætteleiða barn er miklu stærri og meiri en nokkuð annað. Við þær aðstæður er ekki hugsað um peninga. Þú setur ekki verðmiða á ætteleiðingu, hamingju, börn eða lífið sjálft. Þessi ákvörðun er fyrir ofan allt fjármálavafstur. Ákvörðunin er oft og tíðum tekin eftir mjög langan tíma, mikla bið, miklar þrautir. Hún opnar nýjar víddir, markar nýtt upphaf.

Samt sem áður kemur það fljótt í ljós að ætteleiðing kostar mikla peninga. Hjá venjulegu fólki fást peningar ekki nema með vinnu, og allir umframingar eru einhvern veginn aldrei á lausu. Þeir eru yfirleitt rétt í framtíðinni, rétt handan við hornið - eða ekki. Allavega kostar ætteleiðing peninga sem þurfa að vera til staðar.

Ísland er eitt Norðurlanda um að veita ekki væntanlegum kjörforeldrum styrk vegna þess kostnaðar sem af ætteleiðingunni hlýst. Ef við lítum til hinna Norðurlandanna, sem við miðum okkur gjarnan við á hátíðarstundum, þá styrkja dönsk yfirvöld kjörforeldra um 40.218 dkr, finnsk yfirvöld styrkja sína kjörforeldra um 1.900 til 4.500 Evrur, allt eftir ætteleiðingarlandi. Í Noregi eru væntanlegir kjörforeldrar styrktir um 31.090 og hækkar um áramótin í 38.320 norskar krónur. Sænsk yfirvöld styrkja sína kjörforeldra um 40.000 krónur sænskar og frændur okkar Færeyingar styrkja sína væntanlegu kjörforeldra um 50.000 dkr.

Þessi samanburður er okkur ekki í hag. Íslensk yfirvöld styrkja sína væntanlegu kjörforeldra ekki neitt. Að vísu hafa félagasamtök, svo sem verkálfélag styrkt sína félagsmenn að einhverju leyti, en það er annað mál og líka vel þekkt á hinum Norðurlöndunum. Helsta baráttumál stjórnar Íslenskrar ætteleiðingar sl. 3 ár hefur verið að koma á ætteleiðingarstyrk að svipaðri fyrirmynd og á Norðurlöndunum,

Meginmarkmið ætteleiðingarstyrks er að auðvelda fólki að ætteleiða barn. Flestir umsækjendur um ætteleiðingu er fólk sem hefur átt við ófrjósemi að stríða um árabíl og lagt út í mikinn kostnað í lækni meðferð vegna þess.

Okkar útgangspunktur hefur verið sá að upphæð styrksins tæki mið af þeim kostnaði sem tengist venjulegri meðgöngu, fæðingu og síðan ung-barnaeftirliti fyrsta ár barnsins. Það er kostnaður sem sparast við ætteleiðingu barns og sem edlilegt má telja að hið opinbera greiði þá í tengslum við ætteleiðinguna. Börnin okkar verða jú skattborgarar framtíðarinnar.



Í þessu sambandi má benda á að ófrjósemi er skilgreind sem sjúkdómur af WHO, Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Sem betur fer höfum við fengið hljómgrunn á þingi þar sem flutt hefur verið þingsályktunartillaga á nokkrum þingum um að ætteleiðingarstyrkur verði tekinn upp hérlandis. Málið hefur þó aldrei hlotið afgreiðslu Alþingis. Betur má ef duga skal.

Stjórn Íslenskrar ætteleiðingar sendi Davíð Oddssyni, þáverandi forsætisráðherra bréf árið 2003, með beiðni um að ætteleiðingarstyrkur verði tekinn upp. Bréfið var framsent til dómsmála-, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyta. Eftir þessa hringferð um opinbera stjórnsýslu hafa engin efnisleg svör fengist.

Veturinn 2003-2004 fóru þáverandi formaður og fleiri stjórnarmenn ÍÆ á fundi, annars vegar með Birni Bjarnasyni, dómsmálaráðherra, og einnig með Árna Magnússyni, félagsmálaráðherra og ræddu ætteleiðingamál, þ.á.m. brýna þörf fyrir ætteleiðingarstyrk. Einnig var Bjarna Benediktssyni þáverandi formanni Allsherjarnefndar kynnt málið óformlega haustið 2004. Þegar nýr forsætisráðherra tók til starfa var ákveðið að senda honum bréf með ósk um að íslensk stjórnvöld kæmu á ætteleiðingarstyrk, sbr. bréf til fyrri forsætisráðherra sem sent var milli ráðuneyta á árunum 2003 og 2004.

Svar Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra dagsett 3. nóvember 2004 er svar við bréfi ÍÆ frá 7. október 2004. Því miður er þar ekki að sjá skilning á þörfum umsækjenda um ætteleiðingu. Þar er þó bent á þann möguleika að bera erindið upp við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og var það gert. Í svari heilbrigðisráðherra frá 31. janúar 2005 segir m.a.:

„Lög sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimila ekki greiðslu ætteleiðingarstyrks og fjárheimildir eru ekki fyrir hendi til greiðslu slíks styrks.“

Ætteleiðingarstyrkur getur ekki talist til hefðbundinnar skilgreiningar á almannatryggingum í lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar en undir þá skilgreiningu falla lífeyris-tryggingar, slysatryggingar og sjúkra-tryggingar. Hið sama gildir um lög nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

Má benda á að á Norðurlöndunum er mismunandi háttur hafður á því hver annast greiðslur slíkra styrkja þar sem ekki er um hefðbundnar almannatryggingar að ræða. Í Danmörku er styrkurinn greiddur af sveitarfélagi, í Svíþjóð af almanna-tryggingastofnun og í Noregi af barna- og fjölskylduráðuneyti.

Þar sem laga- eða fjárheimildir er ekki að finna hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til greiðslu ætteleiðingarstyrks þar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra erindið upp á fundi ríkisstjórnarinnar. Var niðurstaðan að ekki væru heimildir til að greiða slíkan styrk og að ekki væri unnt að taka upp slíkar greiðslur að svo stöddu.”


Við þessa niðurstöðu getum við ekki unað, og nú verða allir félagsmenn að standa saman og vinna að því að styrkurinn verði tekinn upp hið fyrsta. Má t.d. hugsa sér undirskriftalista þar sem heilu stórfjölskyldurnar skrifuðu undir stuðning við þetta mál. Einnig væri eflaust áhrifaríkt að félagsmenn, hver fyrir sig, hefðu samband við þingmenn kjördæmis síns og aðra áhrifamenn sem þeir kunna að þekkja, til að fræða þessa aðila um nauðsyn ætteleiðingarstyrks og benda á fordæmi á hinum Norðurlöndunum sem komu á ætteleiðingarstyrk um 1988-’94, nema í Finnlandi þar sem þeir voru teknir upp 2002.

Vel mætti hugsa sér einhverskonar vinnuhóp eða nefnd sem ynni að þessu markmiði með stjórn ÍÆ og eru eflaust margar hugmyndir í gangi meðal félagsmanna um til hvaða ráða megi grípa til að auka skilning þingmanna í þessu máli.

Aðalatriðið er að við félagsmenn ÍÆ göngum í takt í þessu máli sem öðrum. Þannig vinnum við hagsmunum okkar og barnanna okkar mest gagn.

Ingibjörg Jónsdóttir,
formaður ÍÆ.

Afar og ömmur



Barnaopnan

Leir

Á foreldramorgni einum í KFUM&K húsinu fengu börnin að leira með sérlega fallegum og skemmtilegum heimatilbúnum leir. Hann er þeim kostum búinn að harðna ekki eins og annar leir og það er auðvelt að ná honum af verkfærum og borðum og gólfum. Það besta er að það er allt í lagi að smakka hann líka. Hér er uppskriftin.

- 2 bollar hveiti
- 1 bolli salt
- 2 msk cream of tartar (ostahleypir) frá Mc Cormick
- 2 msk matarolía
- 2 bollar sjóðandi vatn
- Matarlitur eftir smekk

Blanda öllum þurrefnunum vel saman ásamt matarolíunni og litnum. Hella sjóðandi vatninu úti og hræra vel. Hnoða svo saman meðan deigið er vel volgt. Geymist í lokuðum plastpoka eða í loftþéttu íláti mjög lengi.



Gátur

1. Fullt hús matar en finnast hvergi dyr á?
2. Hvað er það sem hoppar og skoppar yfir heljarbrú, með mannabein í maganum og gettu nú?
3. Hvað er það sem tollir við allt?
4. Hvað er það sem hækkar þegar af fer höfuðið?
5. Við hlaupum daginn út og inn, ég og langi bróðir minn, frá eitt til tólf en ei með hrað, áttu nú að geta það.

Svörin eru á bls. 20.

Myndir



Lilja Kolbrúnu
11 ára




Thelmu Rún 4 ára



Sigrún Þorbergsdóttir er grunnskólakennari. Þegar hún var að fara til Kína að sækja dóttur sína, Ástrósu Elísabetu, þá teiknaði einn nemandi hennar í öðrum bekk, Anita Hinriksdóttir, þessa mynd handa henni.

Systur



Rattleikurinn

Útilegan 2005 var haldin að Logalandi í Borgarfirði. Það rigndi svoltið af og til en við gerðum samt allt mögulegt skemmtilegt.

Hóparnir fjórir í rattleiknum hétu eftir fossum og á einum pósti átti að semja ljóð. Hér eru þau:

Ljóð frá Gufufossi

Veðrinu var best lýst sem hraðfara blautu logni. Samt var sól stundum á bak við skýin.



Brúnir krakkar vinna saman
Inndand er skemmtilegt land.



Ljóð frá Gullfossi

Í Logalandi með yl í hjarta.
Í rattleik fórum, sungum, blésnum, drukkum, hlupum og hlutum framtíð bjarta.



Ljóð frá Dettifossi

Þú ert rjóð eins og blóð.
Dropar detta eins og rigningin.
Ryksugan á fullu datt ofaní drullu.



Ljóð frá Glym


Í Logalandi gaman er logar allt í fjöri.
Veðrið eins og vera ber gengur á með sól.



Fjórum sinnum þrír!



Að telja á kínversku



Hér er sýnt hvernig Kínverjar fara að því að tákna tölurnar 1 til 10 með fingrunum. Það getur komið sér vel að kunna þetta því stundum er erfitt að gera sig skiljanlegan í framandi landi.

Efni í næsta blað

Ritnefndin hvetur alla krakka, stóra og litla, til að senda inn efni í blaðið. T.d. teikningar, gátur, brandara, ljóð og svo auðvitað ljósmyndir af ykkur við ólík tækifæri.

Þjóðerni - ætterni



Sólveig Georgsdóttir með barnabarn sitt Yrsu Kristínu.

Íslendingur í húð og hár? Um rannsókn á hugmyndum um þjóðerni og ætterni í ljósi fjarættleiðinga á Íslandi.

Aðdragandi rannsóknarinnar

Fyrir rétt tæpu ári síðan kom ég að máli við Guðrúnu hjá Íslenskri ættleiðingu og fór þess á leit að fá að senda félögum kynningarbréf um meistaraprófsrannsókn mína í mannfræði, þar sem ég óskaði eftir að komast í samband við kjörforeldra. Það var auðsött mál og reyndist vera griðarlegur áhugi hjá foreldrum að vera með. Ég var fljótlega komin með fleiri á viðmælendalistann en ég gat hugsanlega ráðið við innan marka námsritgerðarinnar. Greinilegt var að foreldrana þyrsti í meiri umræðu, meiri þekkingu, meiri skilning umhverfisins. Ég er mjög þakklát fyrir þessar góðu viðtökur sem verkefnið mitt hefur fengið og fyrir það traust sem foreldrarnir sýndu mér með því að vilja ræða við mig um hluti sem stundum eru erfiðir eða viðkvæmir. Ég er aðeins búin að taka um helming þeirra viðtala sem ég þarf vegna rannsóknarinnar og vonast til að geta haldið áfram núna í vetur. Svo ég segi við þá foreldra sem höfðu samband og hafa ekkert heyrt í mér ennþá: Ég er ekki búin að gleyma ykkur og vona að áhuginn á þátttöku sé enn fyrir hendi.

Viðfangsefnið

Upphaflega hafði ég hugsað mér að ræða við allmarga foreldra ættleiddra barna á ýmsum aldri, fullorðna ættleidda Íslendinga og nokkra fjarskyldari ættingja. Mig langaði til að skoða hvaða sýn foreldrarnir hefðu á þennan tvöfalda uppruna barna sinna, annars vegar í framandi landi og hins vegar sem Íslenskra barna í íslenskrum fjölskyldum. Ég ætlaði að skoða hvaða leiðir foreldrar færu til þess að skapa

og viðhalda þessum tvöfalda uppruna og líka hvernig þetta sneri við börnum þeirra, þ.e.a.s. þeim sem komin væru á fullorðinsár. Að lokum langaði mig að ræða við fjarskyldari ættingja til að bera sjónarmiðin saman. Áherslurnar munu líklega færast eitthvað til, því að þegar ég fór að ræða við foreldra komu í ljós óskaplega spennandi hlutir, sem gera það að verkum að börnin eru eiginlega komin í bakgrunninn hjá mér, allavega í bili. Ég uppgötvaði nefnilega hvað ættleiðing er gífurlega flókið og mótsagnakennt fyrirbæri og hvað foreldrar sem ættleidda börnin sín þurfa að hafa sig alla við að koma einhveru vitrænu samhengi í líf sitt og fjölskyldumynd. Ég nefni hérna ýmis áhugaverð atriði sem hafa komið upp í rannsókn minni og sem mig langar til að skoða betur. Ég tek fram að öllum nöfnum þátttakenda hefur verið breytt.

Skyldleiki – líffræðileg staðreynd eða menningarleg uppfinning?

Í menningu okkar er gengið út frá því að skyldleiki byggist á tengslum þar sem öll skyldmennirnir deila efni eða arfgengum eiginleikum sem þau fá í gegnum foreldra sína. Gert er ráð fyrir að fólk sem ber í sér sameiginlegt efni sé nánara hvert öðru en fólk sem t.d. aðeins hefur sömu áhugamál. Blóð er gífurlega sterkt tákni í þessu sambandi: Sérstaklega loða ýmsar mjög sterkar hugmyndir við blóðtengsl móður og barns. Þessi sýn á skyldleika er ekki algild. Víða hefur skyldleiki, og þar með talinn skyldleiki milli foreldra og barna þeirra, ekkert með líffræðileg ferli að gera. Mannfræðingurinn Anna Meigs hefur lýst hugmyndum Hua ættbálksins á Papúa Nýju Gíneu, þar sem tengslamyndun annars vegar milli maka og hins vegar milli foreldra og barns eru ævilangt ferli. Hua líta svo á að skyldleiki yfirferist frá foreldrum til barns gegnum matargjafir, en einnig gegnum efni á borð við andardrátt, líkamslykt, blóð, svita og aðra vessa. Barnið er þá óskrifað blað og engum skylt við fæðingu, en verður ættmenni foreldra sinna gegnum langvarandi samvistir við þau. Annar mannfræðingur, Derek Freeman, hefur fjallað um Iban fólknið á Borneó, þar sem þorpin eru eins konar radhús á stólpum og hver íbúð í langhúsinu, sem kallast bilek, er grunneining fjölskyldunnar. Ef hjón eru barnlaus þurfa þau að ættleidda son eða dóttur til þess að tryggja samfellu bileksins, svo að einingin líði ekki undir lok. Iban fólknið gerir engan greinarmun, hvorki í orðnotkun né í réttindum, á blóðskyldum og ættleiddum afkomendum.

Meðganga og fæðing

Hefðbundið fjölskyldumódel í menningu okkar byggist á líffræðilegum forsendum. Börn eru getin og alin af foreldrum sínum og þess vegna gerum við ráð fyrir að foreldrar elski börnin sín, enda er fjölskyldan fyrst og fremst tilfinningalegt bandalag hjá okkur í dag. Skyldleikatengsl kjörfjölskyldunnar byggjast að öllu leyti á slíkum líffræðilegum hugtökum og módelum. Meira að segja er talað um meðgöngu og fæðingu þegar rætt er um áfanga í ættleiðingarferlinu. Til þess að ættleiðing geti orðið félagslega viðurkennd og umheimurinn sannfærst um að kjörforeldrar elski börnin sín jafn mikið og aðrir foreldrar virðist hins vegar vera nauðsynlegt fyrir foreldrana að setja hugmyndir um mikilvægi líffræðilegra þátta í fjölskyldumyndun og skyldleikatengslum til hliðar. Þverstæðan sem kjörforeldrar þurfa að vinna úr er að barn, sem er getið og fætt í fjarlægum landi sé þeirra eigið barn og þau elski það, löngu áður en þau komast í líkamlega snertingu við barnið. Nánast allar mömmurnar sem ég talaði við lýstu ákaft sterkum tilfinningum við „fæðingu“ barnsins, þegar þær sáu mynd af barninu sínu í fyrsta sinn. Þær lögðu líka allar áherslu á að það skipti ekki máli hvort þær gengju með barnið eða ekki. Hins vegar komu ítrekað fram atriði sem tengdu ættleiðinguna við örlög. Ákveðin atvik og snöggar ákvarðanir voru túlkuð sem kraftur örlaganna, það átti alltaf að vera einmitt þetta barn. Hefðu hlutirnir gerst öðruvísi eða á öðrum tíma hefðu foreldrarnir ekki fengið sitt barn. Þarna togast ýmsar menningarbundnar hugmyndir á og í þessu liggur vandamálið sem foreldrar ættleiddra barna eru að kljást við í viðleitni sinni til að skapa skynsamlegan og ásættanlegan veruleika úr þessum mótsagnakenndu kringumstæðum.

Opnun ættarinnar

Nafn er öflugt tákni í íslenskri menningu, ekki síður en blóð og hugmyndir um tengingu nafns og persónu eru sterkar hjá okkur. Mörg börn sem eru ættleidd erlendis frá halda einu af nöfnum sem þeim hafa verið gefin í fæðingarlandinu, þó yfirleitt ekki sem fyrsta nafni. Höllu fannst mikilvægt að dóttir hennar héldi einhverju af því sem henni var gefið í Kína: „Mér finnst það bara alveg sjálfsagt að halda því sem að var hluti af því sem henni var gefið í Kína þú veist, þó að einhvern veginn aðstæður hennar hafi verið eins og svo margra annarra, að fjölskyldan hafði ekki pláss fyrir hana eða hvernig

Árnað heilla...

sem það var." Hlín og Jóhannes völdu hins vegar að skíra dóttur sína íslensku nafni sem þeim fannst fallegt. Þau ákváðu að láta hana ekki halda rúmenska nafninu: „Ég vildi ekkert vera neitt að gera hana of sérstaka þannig. Maður hefði kannski frekar gert það ef hún bæri það með sér að hún væri alveg útlendingur sko, þá kæmi það eins og hún væri ekkert að leynd því og þá er fólk ekkert að þæla í því endilega meira." Þannig vildu þau stuðla að aðlögun barnsins en ekki búa til sérstöðu, en þau eru opin fyrir að hún bæti upprunalega nafninu við síðar ef hún vill.

Víða erlendis gefa ættarnöfn til kynna hvernig manna einstaklingurinn er. Hér á Íslandi, þar sem ættarnöfn eru sjaldgæf, er líklegt að mikilvægt sé að skilaboð til umhverfisins um tengingu við ættina komi fram í skírnarnöfnum, sem mjög oft eru nöfn afa og ömmu eða annars nákomins ættingja. Þannig er kjarni ættarinnar yfirfærður á barnið. En þessi kjarni kemur líka fram í að stundum er bent á hve mikið barnið líkist í ættina. Þá eru það yfirleitt aðrir ættingjar en foreldrarnir sem halda því fram að barnið hafi útlits- eða skapgerðareinkenni sem séu dæmigerð fyrir móður- eða föðurættina. Þannig er barnið boðið velkomið inn í ættina, hún opnast og sagt: Þú ert eins og ættin, þú ert ein(n) af okkur. Ein mamman nefndi hins vegar ákveðinn trega sem fylgdi ákvörðuninni um að ættleiða börnin sín, að gera sér grein fyrir að enginn myndi vera með augun hennar eða brosið hans þabba síns. Það að líkjast í ættina hefur trúlega meiri tilfinningalega þýðingu en okkur grunar.

Uppruninn í fæðingarlandinu og uppruninn á Íslandi

Það er mjög mismunandi hvernig foreldrarnir túlka hlutverk sitt sem brú milli tvenns konar uppruna barna sinna og ekki er sjálfgefið hvaða leiðir fólk finnur til að tengja barnið við fæðingarland sitt. Foreldrarnir lögðu áherslu á að börnin þeirra væru íslensk, en bæru í sér uppruna og menningu frá öðru landi, sem þeim bæri skylda til að hlúa að og miðla. Foreldrarnir og ættleiðingarsamfélagið virðast ekki ræða sérstaklega um íslenskt uppeldi barna sinna eða setja spurningamerki við hvað það merkir að vera íslensk, eða hvort hægt sé að vera íslensk samtímis einhverju öðru. Allir foreldrarnir eru hins vegar staðráðnir í að fara með börn sín í heimsókn til fæðingarlandsins ef þau óska þess þegar þau komast til vits og ára. Allir lögðu áherslu á að slíkar ferðir, eins og annað varðandi fæðingarlandið og upprunann, yrðu að vera á forsendum barnanna og eingöngu ef þau vildu það sjálf.

Ég hef hérna tæpt á fáeinum af þeim atriðum sem mér finnst áhugavert að skoða í viðtölum við kjörforeldra. Það er ótal margt fleira sem væri vert að fjalla um. Eitt er t.d. áberandi, að það virðist vera að myndast tvenns konar samfélag kjörfjölskyldna. Annars vegar er það fólk sem fer að sækja eitt og eitt barn og er einsamalt að reyna að vinna úr sínum nýja veruleika, en hins vegar eru það hópar Kínafjölskyldna, stórir hópar sem eiga sterk og tilfinningaþrungin augnablik saman og sem mynda mjög sterka samkennd í gegnum sameiginlega upplifun. Þar virðist vera almennur vilji til að börnin haldi hópinn og myndi eins konar systkinatengsl. Fróðlegt verður að sjá hvort þessar hópamyndanir koma til með að verða fyrirmyndir fyrir hinar fjölskyldurnar sem eru einar á báti.

Sólveig Georgsdóttir,
meistaraneimi í mannfræði við Háskóla Íslands.



Fréttabréfinu hefur borist þessa fallega fjölskyldu-mynd. Foreldrar eru Anna Gréta Sveinsdóttir sem fæddist í Kolkata á Indlandi og ólst upp á Svalbarðseyri og Daniel Þór Guðjónsson sem fæddist á Sri Lanka og ólst upp á Álftanesinu.

Þann 28. apríl 2005 eignuðust þau dóttur sem heitir Indíana Mist. Þau búa nú á Álftanesi. Við óskum þeim innilega til hamingju.



Blaðinu barst þetta skemmtilega bréf og mynd frá Júlíusi Andra Þórðarsyni.

Júlíus Andri Þórðarson, fæddur í Rúmeníu 25. febrúar 1990 og kom til Íslands í maí 1995. Júlíus fermdist í Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði 24. mars 2005 og þá var myndin tekin. Foreldrar hans heita Jörunn Kristinsdóttir og Þórður B. Guðjónsson.

Áhugamál: Kvikmyndir, leiklist, tónlist, veiðar og hundurinn Skotta sem lætur að stjórna þegar henni hentar og er kölluð fróken Skottfríður við hátíðleg tækifæri.

Framtíðarsýn: Að gera betur í dag en í gær!

Sendið blaðinu myndir ykkar af mikilvægum stundum í lífinu...

Útgáfa fræðsluefnis



Kjörfjölskyldan

Í apríl 2003 kom út bók sem heitir Kjörfjölskyldan og félagið lét þýða úr norsku. Höfundarnir eru Amalia Carli og Monica Dalen en þær hafa rannsakað margvíslegt um ættleiðingum og ritað fjölda greina og bóka um málefnið. Amalia Carli er nú látin en Monica Dalen var gestur á málþingi sem ÍÆ hélt vorið 2003.

Í bókinni er fjallað um aðstæður sem leiða til ættleiðingar barns, um breytingar á högum barnsins þegar það eignast nýja fjölskyldu, og um aðlögun barnsins og kjörforeldranna að nýju hlutverki sínu.

Bókin gagnast öðrum í fjölskyldunni, afa og ömmu, frændum og frænkum og fagfólki sem kemur að ættleiðingu, leikskólakennurum, grunnskólakennurum eða öðrum sem vilja kynna sér uppruna barnsins og hver áhrif ættleiðing getur haft á þroska þess. Verð kr. 1000.

Kjörbarnið og leikskólinn

Hér er fjallað m.a. í stuttu máli um ættleiðingarferlið, hvaða áhrif aðskilnaður getur haft á ung börn og tengslamyndun. Megininntakið er þó kjörbarnið og leikskólinn, hvað ber að hafa í huga gagnvart börnunum og hvað ætti m.a. að varast í leikskólasterfinu þegar fjallað er um ýmis málefni sem tengjast börnunum sjálfum og fjölskyldum þeirra.

Allir foreldrar ættleiddra leikskólakennara ættu að gefa leikskólanum eintak af þessu riti. Verð kr. 600.

Ættleiðingar einhleypra

Á undanförunum árum hefur fjölgað í hópi einhleypra foreldra sem ættleitt hafa börn. Í ritinu er leitast við að varpa ljósi á það sem er sérstakt fyrir slíka fjölskyldu en jafnframt bent á það sem er sameiginlegt með öllum fjölskyldum sem hafa ættleitt. Verð kr. 600.

Undirbúningsnámskeið fyrir umsækjendur um ættleiðingu erlends barns

Á undirbúningsnámskeiðum ÍÆ eru notuð tvö fræðslurit sem þýdd voru úr dönsku. Annað fjallar almennt um ættleiðingarferlið, um bakgrunn barnanna, aðdraganda ættleiðingar, kynforeldra og loks um kjörfjölskylduna og sérstöðu hennar. Verð kr. 1000.

Heilsufar ættleiddra barna

Hitt ritið sem notað er á námskeiði fyrir umsækjendur fjallar um heilsufar ættleiddra barna og er yfirfarið og aðlagð af Gesti Pálssyni, barnalækni. Það er nauðsynlegt fyrir umsækjendur að þekkja til þeirra kvilla sem hrjád geta börnin. Líka er fróðlegt að vita um þær læknisskoðanir sem börnin gangast undir, bæði erlendis og eftir heimkomu. Verð kr. 600.

Öll ritin eru til sölu hjá Íslenskri ættleiðingu.

Hægt er að panta þau í síma 588 1480 eða í tölvupósti, isadopt@isadopt.is.

Tækniþrif ehf.

Fyrirtækjapjónusta - Símar 586-1465 og 895-0515, clean@clean.is


Önnumst öll dagleg þrif í fyrirtækjum og stofnunum
og einnig á hátækniþúnaði.



Aji de hierbas

2 rauðir chilly
salt
50 ml edik
2 vorlaukar
1 laukur
1 tómatur
2 msk ferskt kóriander

Setjið allt í matvinnsluvél og blandið saman. Mjög gott með kartöflunum, en nokkuð sterk sósa.



Haustið 2003 fórum við hjónin í mikla ævintýraferð til Kólumbíu að ná í börnin okkar tvö. Á meðan við biðum eftir símtalinu góða eyddum við miklum tíma í að kynna okkur land og þjóð. Hluti af því var að verða okkur úti um matreiðslubækur frá Kólumbíu á Amazon og leist okkur hreint ekki illa á myndirnar og réttina sem við sáum þar. Við urðum sannfærð um að okkar biðu girnilegir réttir á hverju kvöldi og við urðum sko ekki fyrir vonbrigðum. Maturinn var hreint út sagt frábær, hvort heldur við fórum á kólumbíska skyndibitastaði, borðuðum í heimahúsi eða á fínum veitingastöðum.

Eftirfarandi réttur er frá héraði barnanna okkar, Boyaca. Verði ykkur að góðu.

Bistec a la criolla

Fyrir 8

2 kg nautafillet
1 msk sinnep
2 msk edik
pipar
kúmen

olía
2 þroskaðir tómatar
2 vorlaukar
2 laukar
2 hvítlauksgeirar
1 msk ferskt oregano
salt

Skerið kjötið í 8 jafnar sneiðar og kryddið með sinnepi, ediki, kúmeni og pipar. Marinerið í þessum kryddlegi í 1 klst. Skerið tómata, lauk og hvítlauk smátt og steikið upp úr olíu ásamt oregano og salti í 10 mínútur þar til sósan verður jöfn. Brúnið kjötið báðum megin á mjög heitri pönnu. Hellið sósunni yfir og látið malla í um 10 mín. Berið fram með kartöflum og banönum, sjá hér til hliðar.

Papa salada

2 kg kartöflur
100 g salt

Þvoið kartöflurnar og sjóðið. Þegar kartöflurnar eru tilbúnar, hellið þá vatninu af en skiljið eftir ca. 3 cm. Hellið saltinu yfir kartöflurnar og setjið lokið á. Gufusjóðið í um 5 mín, takið lokið af og berið fram með Aji de hierbas og guacamole.


Bananos calados

125 g af smjöri
1 msk hýði af lime
2 msk limesafi
3 msk sykur
8 bananar

Hitið ofninn í 180°C. Bræðið saman smjör, hýðið af lime, limesafann og sykurinn. Afhýðið bananana og skerðið í tvennt, leggið í eldfast mót og hellið limesmjörinu yfir. Bakið í 30 mín eða þar til bananarnir eru orðnir ljósbrúnir. Gott er að hella limesmjörinu reglulega yfir bananana meðan þeir eru að bakast.

Gott er að bera fram ferskan ávaxtasafa með þessum rétti, t.d. Guava sem hægt er að fá í fernum í sælkerabúðum, límonaði, fersk maukuð jarðarber o.s.frv.

Anna Margrét Jónsdóttir og
Guðmundur Guðmundsson.



Útilegan 2005

haldin að Logalandi í Borgarfirði



Útilegan 2006

Munið eftir að setja útileguna á dagatalið. Hún verður haldin að lðufelli við Laugarás í Biskupstungum helgina 7. - 9. júlí 2006.



Allt milli himins og jarðar til hannyrða. Þekking og efni á einum stað, ótrúlegt úrval!

Hannyrðabúðin

Við klukkuturninn í Garðabæ
sími 555-1314
www.alvara.is/hannyrd



Töfrar Indlands gleðja öll skilningarvitin!
Viltu smakka, hlusta, snerta, ilma og horfa?



Alvörubúðin

Eyravegi 3, Selfossi
482-4410, www.alvara.is

